ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 4.tbl. 2.árg. 1973

VERÐ: 30 kr.

VERKAFÓLK! SNÚIÐ BAKI VIÐ ÞJÓÐREMBINGS ÁRÓÐRI BORGARASTÉTTARINNAR!

Landhelgisútfærslan er barátta borgarastéttarinnar fyrir auknum gróða sér til handa!

Til þess að fylkja verkalýðnum undir merki sín í baráttunni um landhelgina hefur íslenzka borgarastéttin notað tvö höfuðáróðursvopn. Hið fyrra er að hér sé um að ræða lífsspursmál þjóðarinnar, tilveru hennar sem sjálfstæðrar þjóðar og þar af leiðandi sé málið "mesta hagsmunamál allra Íslendinga". Annað áróðursvopnið er það að hér sæki íslenzku borgararnir fram sem fulltrúar "friðunar" eða "vísindalegrar verndunar fiskistofna" eins og þeim er svo kært að kalla rányrkju sína.

BARÁTTA UM RÉTTINN TIL RÁNYRKJU

Allt tal um "hagsmunamál allra Íslendinga" og "þjóðareiningu" er reginfirra. Íslenzka þjóðfélagið er stéttskipt eins og önnur auðvaldslönd, þar sem borgarastéttin drottnar yfir allri framleiðslu og öreigalýðurinn (verkalýðurinn) framleiðir öll verðmæti með vinnuafli sínu, sem hann neyðist til að selja auðvaldsherrunum. Þeir auðvaldsherrar, sem hafa úrslitatökin í efnahagslífi þjóðarinnar eru einmitt stjórnendur fjármálaauðvaldsins, þ.e. þeir sem ráða bönkunum og einokunarfyrirtækjum SÍS og Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna. Ríkisvaldið er verkfæri þessara kapítalista, sem í gegnum þúsund þræði stjórna ríkisapparatinu og þar meðtalið bönkunum. Það eru þessir herrar, sem hafa einokunarvöld yfir íslenzkum sjávarútvegi og það eru þeir, sem hafa allan hag af útfærslu landhelginnar. Því það eru þeir, sem eiga skipin, hraðfrystihúsin, verksmiðjurnar (í Bandaríkjunum) og dreifingarkerfið.

SJÁ GREIN BLS. 6

VERNDUN FISKIMIÐA- ÓHUGSANDI Í AUÐVALDSÞJÓÐFÉLAGI

Til þess að breiða yfir raunverulegan tilgang landhelgisútfærslunnar hafa íslenzku borgararnir slegið sig til riddara í nafni "vísindalegrar verndunar fiskimiða". Þessum "vísindalega" áróðri hefur verið beint að erlendum þjóðum og íslenzkri öreigastétt, borgarastéttin hefur notað þennan blekkingaáróður til þess að fylkja verkalýðnum undir kröfur sínar um stærri einokunarsvæði á hafinu umhverfis landið. Verkalýðnum er ljóst, að full þörf er á friðun, að rányrkjan verði stöðvuð, en það, sem verkalýðnum er ekki ljóst enn nema að takmörkuðu leyti, er það, að allt tal borgarastéttarinnar er blekking. Í rauninni hefur megnið af öreigum á Íslandi fallið fyrir áróðri stéttarandstæðingsins og látið hann leiða sig út í baráttu, sem aðeins kemur til með að auka gróða og völd auðvaldsherranna.

SJÁ GREIN BLS. 7



Tveir íslenzkir baráttumenn í landhelgismálinu á götu í London Jónas Árnason alþingismaður og Ólafur Guðmundsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

STÉTTASAMVINNA Í ORÐI - STÉTTASAMVINNA Í VERKI!

Þjónusta Alþýðubandalagsins við einokunarauðvaldið íslenzka hefur sjaldan komið eins skýrt fram eins og í landhelgismálinu. Pólitík AB hefur fullkomlega fallið saman við hagsmuni einokunarkapítalista SH og SÍS.
Myndin hér við hliðina gefur glögga mynd af þessu: "Tveir íslenzkir baráttumenn" (lesist: tveir baráttumenn einokunarauðvaldsins) í London, Alþýðubandalagið vinnur "Lon og don" fyrir borgarana! Einn baráttumaður frá AB og einn frá SH!
Og hvert er hlutverk "baráttumannsins", sem er þingmaður "sósíalíska" flokksins eins og Alþýðubandalagið þykist vera?? Það er að sjá um þá hlið málsins, sem auðvaldinu er ekki fært að gera á "eigin spýtur", sem sé að blekkja verkalýðinn til fylgis við hagsmuni auðvaldsins, fá hann til þess að taka sér stöðu með "sínum" arðræningjum og gleyma stéttabaráttunni.

Alþýðubandalagið gengur harðast fram í því að reka áróður um að landhelgisútfærslan sé "mesta hagsmunamál allra Íslendinga" og þeir eru í forystu fyrir "friðunar" blekkingum borgarastéttarinnar. Þessir "sósíalistar" hafa algjörlega yfirgefið stéttarhagsmuni verkalýðsins og vinna að því nótt sem nýtan dag að hindra að verkalýðurinn geri sér ljósa stéttarstöðu sína í auðvaldsþjóðfélaginu. Þeirra boðorð er: "Auðvaldsþjóðfélagið er himnaríki á jörð, ekki breyta neinu!"

NÁMSSTARFIÐ Í FYRIRRÚMI ALLRAR STARFSSEMI KSML

NÁMSSTARFIÐ ER HÖFUÐVERKEFNI ÖREIGANNA Í DAG, SEGJUM VIÐ. Í HVERJU KEMUR ÞAÐ FRAM OG HVERS VEGNA SKYLDI EINMITT NÁMSSTARFIÐ VERA HÖFUÐVERKEFNIÐ, EN EKKI T.D. ÁRÓÐURSSTARFIÐ?

Enginn kommúnískur áróður í tæp 40 ár

Til að svara þessum spurningum, verðum við að gera okkur grein fyrir sögulegum staðreyndum á Íslandi. Allt frá því 1935, er kommúnistarnir innan KFÍ lutu lægra haldi í stéttabaráttunni, hefur enginn skipulegur kommúnískur áróður verið stundaður á Íslandi, þar til að KHML kom fram á sjónarsviðið 1972 eða í alls 37 ár. Þetta þýðir, að í stéttabaráttunni á Íslandi allan þennan tíma, hefur aðeins fundizt ein hugmyndafræði, sem hefur frjálst án nokkurrar byltingarsinnaðrar mótspyrnu fengið að ríkja, þ.e. hugmyndafræði borgaranna. Allan þennan tíma hafa verkamennirnir verið færðir inn í myrkur forheimsku um stöðu sína í þjóðfélaginu og hlutverk sitt sem þeirra einu manna, sem færa munu burgeisunum dauðann. Þetta hefur leitt til þeirrar staðreyndar, að allflestir verkamenn á Íslandi í dag eru fangaðir í draumverfi umbótablekkinga eða endurskoðuna, og líða af tiltrú á borgaralega ríkisvaldið og hin borgaralegu verkalýðsfélög.

Hugmyndafræði öreiganna eina lausnin

Gegn þessu og til þess að vekja stéttvísi og breiða út sósíalisma getur aðeins ein hugmyndafræði komið - hugmyndafræði öreiganna. Hugmyndafræði öreiganna er fræðikenningin um leið verkalýðsins til frelsunar eða eins og segir í inngangsorðum að endurbættri námshandleiðslu grundvallarnámshrings KSML:
"Marxisminn - lenínisminn er algilt og heilsteypt hugmyndakerfi í þeirri merkingu að hann skilgreinir og byggir á þróunarlögmálunum í sögunni, þjóðfélaginu og náttúrunni. En hann lætur sér ekki nægja þetta. Marxisminn - lenínisminn vill ekki aðeins útskýra hann vill einnig breyta og tekur opinskátt afstöðu fyrir hina framsæknu stétt í þjóðfélagi okkar, verkalýðsstétt nútímans. Þess vegna er marxisminn - lenínisminn vísindi öreiganna og sér hinni arðrændu stétt fyrir þekkingu um forsögu sína, um lögmálin fyrir þróum auðvaldsins og um skilyrðin og leiðirnar fyrir frelsun verkalýðsstéttarinnar. Marxisminn - lenínisminn er fræðikenningin fyrir öreigabyltinguna. Eða með orðum Stalíns: 'Fræðikenningin er reynsla verkalýðshreyfingarinnar í öllum löndum á almennu formi sínu'."

Framvörðurinn verður að hafa byltingarkenninguna á valdi sínu.

Það er nokkuð augljóst mál, að til þess að geta staðið traustum fótum á bolsévískum grundvelli í stéttabaráttunni, þá verður maður að hafa öðlast innsýn inn í þau almennu lögmál, sem stýra auðvaldsþjóðfélaginu og innsýn inn í þá reynslu, sem barátta og líf þúsunda öreiga um heim allan allt frá dögum Parísarkommúnunar hefur fært okkur. Bæði sigra og ósigra. Reynsla öreigastéttarinnar hefur sannað, að engin önnur leið er fær fyrir öreigastéttina eigi hún að ganga til móts við sigurinn, en hún hafi traustum framverði á að skipa, sem hefur náð fullkomlega tökum á hinni byltingarsinnuðu fræðikenningu og hafi í skjóli hennar gert skilgreiningu á eigin þjóðfélagi og þróað fram réttar baráttuaðferðir fyrir frelsun verkalýðsstéttarinnar. Að hluta (sjá að öðru leyti formála KG að námsbæklingi KSML Um flokkinn) má rekja ósigur kommúnistanna í gamla KFÍ til skorts á hæfni til sjálfstæðrar skilgreiningar á ástandi og kraftahlutföllum stéttanna, sem kom fram í því að aldrei voru endanleg uppgjör gerð við hinar sósíaldemókratísku hugmyndir, sem KFÍ fékk í arf frá Alþýðuflokknum.

Lærum af mistökum KFÍ

Hér hefur skort staðfasta meðvitaða forystu á sviði fræðilegu baráttunna. Hinir smáborgaralegu menntamenn í forystu flokksins höfðu ekki hag af því að skerpa skilin milli framvarðar verkalýðsins og þeim smáborgaralegu pólitísku straumum innan verkalýðsstéttarinnar, sem áttu upptök sín í Alþýðuflokknum. Þeir sjálfir voru holdgerfing á einmitt smáborgaralegum straumi innan sjálfs flokksins, sem ruddi sér braut og eyðilagði flokkinn innan frá. Þeirra hagur var ekki að hækka pólitíska meðvitund framvarðarsveitarinnar, heldur að breiða myrkur yfir allar grundvallarspurningar kommúnismans til þess að fullkomna ætlunarverk sitt, að hertaka vígi byltingarinnar innan frá, á Íslandi.
Þeim stóð ógn af pólitískri meðvitund hinna byltingarsinnuðu verkamanna, sem voru líf og sál flokksins. Með markvissum aðgerðum tókst þeim hægt og sígandi að víkja flokksstarfinu af braut byltingarsinnuðu fræðikenningarinnar, þannig að 1938, sama ár og KFÍ var lagður niður, voru engar kröfur gerðar til fræðilegrar þekkingar nýrra félaga og grundvallarstarfið hafði þar með verið lagt niður.
Þar með hafði grundvöllurinn fyrir lýðræðislega miðstjórnaraflinu verið brotinn á bak aftur og í staðinn var rotnu lýðræði ásamt borgaralegri stjórn að ofan skipað í æðsta sæti. Við getum því lært af mistökum kommúnistanna í KFÍ um mikilvægi námsstarfsins.

FRAMHALD Á BLS. 3

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 4. tbl. 10. ágúst 1973
Útgefandi:Kommúnistasamtökin m-l,
Pósthólf 1357, Rvk.
Ritstj. og ábm,: Hjálmtýr Heiðdal.
Prentað í Hafnarprent, Hafnarfirði.

LEIÐARI:

Kommúnistasamtökin hafa sagt, að framtíðarverkefni íslenzkrar öreigastéttar sé að byggja kommúnistaflokk, sem leitt getur öreigana til sigurs í stéttabaráttunni yfir borgarastéttinni og byggt sósíalíska þjóðfélagið, alræði öreiganna. Í leiðara síðustu Stéttabaráttu var gert grein fyrir, hvað flokkur af lenínískri gerð væri. Hvernig hann væri framvarðarsveit verkalýðsins, hverjir skipuðu hann, hvernig hann væri æðsta skipulagsform verkalýðsins. Einnig var gert grein fyrir því, hvernig hann yrði að vera tengdur órjúfandi böndum við verkalýðinn, hvernig lýðræðislega miðstjórnaraflið væri leiðandi fyrir alla starfsemi hans og hvernig hann berst á grundvelli verkalýðsstéttarinnar vægðarlaust gegn smáborgaralegum og borgaralegum hugmyndum.

1930 tókst íslenzkum öreigum að stofna Kommúnistaflokk Íslands í harðri baráttu gegn borgarastéttinni, sem þá átti í harðvítugri kreppu, er reið yfir öll auðvaldsríki heimsins. Kúgun, atvinnuleysi og arðrán var það hlutskipti, sem íslenzka auðvaldsþjóðfélagið hafði upp á að bjóða fyrir hina kúguðu stétt. Það var því ekki einkennilegt, sð verkamenn fylktu sér um hinn byltingarsinnaða flokk, sem leiddi þá markvisst fram í baráttunni gegn kapítalíska óskapnaðinum, sem stöðugt reyndi að berja þá til hlýðni með lögreglu, hvítliðum og dómsvaldi.

Auðvaldið sá í þessara framvarðarsveit verkalýðsins slíkan ægióvin auðvaldsskipulagsins, að á tímabilinu 1930-35 töldu borgararnir KFÍ vera versta niðurrifsflokk "íslenzka þjóðfélagsins" og sinn höfuðóvin.
Hvers vegna skyldi nú íslenzka auðvaldið hafa séð sinn höfuðóvin í KFÍ?
Svarið er augljóst hverjum stéttvísum verkamanni: í KFÍ sá íslenzka auðvaldið skipulagða marxíska framvarðarsveit verkalýðsins, sem í hverju máli færði fram afstöðu hins meðvitaða verkamanns fyrir afnámi herradrottnunar auðvaldsins og setti valdbyltingu öreigastéttarinnar á oddinn.

Til "blessunar" (í bili) fyrir íslenzku einokunarkapítalistana tókst ótýndum svikurum við sósíalismann og verkalýðsstéttina að búa um sig innan flokksins. Þessir talsmenn stéttasamvinnu og þjóðernisstefnu tókst með moldvörpustarfsemi að grafa svo undan marxísku framvarðarsveitinni, að strax 1935 höfðu þeir náð yfirhöndinni og eftir það unnu þeir markvisst að því að leggja KFÍ niður og taka upp borgaralegar endurbætur og sambræðslupólitík í stað byltingarsinnaðrar afstöðu verkalýðsins á grundvelli marxismans-lenínismans.

Sú reynsla og þekking, sem KFÍ skilur eftir fyrir íslenzkan verkalýð er ómetanleg fyrir baráttuna gegn hentistefnunni og sannar ótvírætt, að ef kommúnistar slá ekki órjúfanlega skjaldborg um marxismann-lenínismann - byltingarsinnaða fræðikenningu öreigastéttarinnar, koma þeir aldrei nokkurn tímann til með að leiða verkalýðsstéttina hænufet fram á við til alhæfrar skipulagningar á baráttunni fyrir sósíalísku valdbyltingunni á Íslandi.

NÁMSSTARFIÐ HÖFUÐVERKEFNI.

KSML hafa slegið því föstu, að höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag sé námsstarf í marxismanum-lenínismanum á grundvelli vígorðs Leníns: "Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar - engin byltingarhreyfing."
Fræðikenningin er leiðsögn í starfi, hún var rússnesku bolsevíkunum leiðsögn í baráttu þeirra gegn Zarnum og einnig gegn röngum skoðunum ökónómistanna, þjóðrembingsmannanna og annarra hentistefnumanna, sem annað hvort meðvitað eða vegna þekkingarskorts á marxismanum unnu gegn sósíalismanum.
Bolsevíkarnir sönnuðu ótvírætt nauðsyn algjörrar afhjúpunar hentistefnunnar innan verkalýðsstéttarinnar, ef eining á að nást á grundvelli marxismans-lenínismans.

Gagnrýni KSML á Alþýðubandalagið, Fylkinguna og Sósíalistafélag Reykjavíkur er því ekki gerð til að sýna, hvað þeir eru illa að sér í marxismanum-lenínismanum, lítið lesnir eða þvíumlíkt. Heldur til að afhjúpa algjör svik þeirra við verkalýðsstéttina, þrátt fyrir orðaglamur þeirra um "sósíalisma" og "marxlenínisma" eða námsstarf sem nærtækt verkefni.

"NÁMSHRINGIR" - "SAMTÖK MEÐ SELLUR SEM GRUNNEININGAR"

Fyrir rúmu ári síðan voru Kommúnistasamtökin stofnuð. Þar áður höfðu starfað námshringir, sem ekki höfðu nein heildartengsl, þ.e.a.s. þeir unnu sitt námsstarf hver útaf fyrir sig sem sjálfstæðar einingar, en höfðu ekki miðstýringu til að koma fram sem ein heild út á við. Eftir að fyrstu námshóparnir höfðu lokið grundvallarnáminu var nauðsynlegt til að starfið og námið staðnaði ekki að koma á sameiginlegri stjórn, sem tengt gæti starfið út á við, náminu.

Þinginu í fyrrasumar var því ætlað að marka línuna fyrir áframhaldandi starf og leggja námshópunum pólitískan grundvöll. Á þinginu var því slegið föstu, að skipulag samtakanna skyldi vera með lýðræðislega miðstjórnarfyrirkomulaginu, grunneiningar samtakanna yrðu sellur, sem allir félagarnir væru skipulagðir í.
Í þeim færi fram framhaldsnámið, en þær hefðu síðan stuðningsmannahópa, sem jafnframt því að vinna stuðningsstarf væru í grundvallar - námshring eða byggju sig undir hann með námi og starfi. Á þinginu var kosin miðstjórn sem er æðsta eining samtakanna milli þinga og hefur yfirumsjón með öllu starfi sellanna. Fyrir sérverkefni, sem þarfnast miðstýringar, voru skipaðar þrjár nefndir, skipulagsnefnd, námsnefnd og ritnefnd. Eftir þingið höfðu námshóparnir komizt á æðra stig, hvað varðaði allt áframhaldandi starf og gátu byrjað að takast á við verkefnin sem ein heild, en ekki hver út af fyrir sig.

Eftir að komið hefur verið á föstu skipulagi fyrir allt starf samtakanna hafa þau getað snúið sér að þeim pólitísku og skipulagslegu verkefnum, sem framundan eru. Þau pólitísku verkefni, sem næst eru, er að draga skýrar markalínur milli byltingarsinnaðrar línu KSML og þeirra hentistefnuflokka og -fylkinga, sem hreiðrað hafa um sig á vinstri kantinum.
KSML hafa hafið afhjúpanir á blekkingum og fölsunum hentistefnuhreyfinganna, sem kenna sig við sósíalisma.
Fylkingin, Alþýðubandalagið og Sósíalistafélag Reykjavíkur hafa ökónómíska afstöðu til allra mikilvægustu atriða stéttabaráttunnar : valdbyltingar öreiganna, kommúnistaflokksins, verkalýðsfélaganna og ríkisvaldsins. Í verki eiga þessar hentistefnuklíkur það sameiginlegt að afneita valdbyltingu öreiganna og kommúnistaflokknum, en setja í staðinn ökónómíska baráttu verkalýðsfélaganna og ríkisvald borgaranna.

Það er því full nauðsyn á að marka skýrar línur milli pólitískrar línu KSML og hentistefnuhópanna sem með orðagjálfri um sósíalisma hefur tekizt að planta sér út á vinstri kantinum í íslenzkum stjórnmálum. En til að öllum stéttvísum verkamönnum verði ljós þessi munur og stéttarmeðvitund öreigastéttarinnar komist af stigi þekkingarskortsins um stéttirnar og stéttabaráttuna er nauðsynlegt að gera stéttagreiningu á íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu og nákvæma skilgreiningu á íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu á skeiði heimsvaldastefnunnar.
Einungis með vísindalegri skilgreiningu á grundvelli marxismans-lenínismans er hægt að ná árangri í stéttabaráttunni og fylkja byltingarsinnaðasta hluta öreigastéttarinnar, sjálfum kjarna stéttarinnar, sem mest er móttækilegur fyrir marxismanum-lenínismanum, til meðvitaðrar baráttu - stétt gegn stétt.

HINN STAÐFASTI HLUTI ÖREIGASTÉTTARINNAR.

Einn aðaltilgangurinn með stéttagreiningunni er að finna hvar kjarni öreigastéttarinnar er, hinn staðfasti hluti öreigastéttarinnar, sem fyrir löngu hefur slitið samböndin við auðmannastéttina. Eða eins og Stalín segir, þegar hann gerði grein fyrir uppsprettu móthverfanna í flokknum, en þar gerir hann grein fyrir hver munurinn er á kjarna verkalýðsstéttarinnar og öðrum hlutum hennar, sem hann skiptir í þrjá hópa.
Hann segir :

> "Einn hópurinn er stærsti hópur öreiganna, kjarni þeirra, hinn staðfasti hluti þeirra, það er fjöldi hinna "hreinræktuðu" öreiga, sem hefur fyrir löngu síðan slitið samböndin við auðmannastéttina. Þessi hópur er innan öreiganna traustasta stoð marxismans.
> Annan hóp mynda þeir, sem nýkomnir eru utan frá, frá bændum, smáborgurunum eða lærðu mönnunum. Það eru persónur frá öðrum stéttum, sem hafa nú nýlega bætzt í lið öreiganna og fært siði sína og venjur, tvístígandahátt sinn og hugleysi með sér inn í verkalýðsstéttina. Þessi hópur myndar hina frjósömustu gróðurmold fyrir alls konar anarkíska, hálfanarkíska og "últraróttækar" hópamyndanir.
> Þriðji hópurinn er að lokum "heldri" verkamennirnir, efsta lag verkalýðsstéttarinnar, hinn efnahagslega bezt setti hluti öreiganna, sem hefur tilhneigingu að gera samkomulag við borgarana og sem lætur sér annt um að aðlaga sig eftir þeim ráðandi í heiminum, að "koma sér áfram". Þessi hópur myndar hina frjósömustu gróðurmold fyrir óforbetranlega umbótasinna og hentistefnumenn."

Þetta er hin almenna lína fyrir greiningu kjarna öreigastéttarinnar, en til að geta gert vinnuhæfa tillögu fyrir stéttagreininguna verðum við að skipta henni upp í svið.

Höfuðmóthverfan í íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu er milli kúgaðs og arðrænds verkalýðs annars vegar og borgarastéttarinnar hins vegar.

sem á alla sína afkomumöguleika undir því að geta arðrænt vinnu verkalýðsins og kúgað hann til hlýðni um að halda áfram að vera arðránsfyrirbæri.

Nú þegar undirbúningsstarf fyrir byggingu Kommúnistaflokksins er hafið og spurningar um hina réttu taktík verður alltaf stöðugt mikilvægari verður nauðsyn stéttagreiningarinnar augljósari. Ef við hefjumst ekki handa um að leysa þetta brýna verkefni verður allt starf óhjákvæmilega fálmandi og hætt er við, að röng taktík og jafnvel röng strategía verði lögð upp. Dæmi um þetta er þegar hentistefnumennirnir í Fylkingunni í dag segja: gerum verkalýðsfélögin að baráttutæki í dægurbaráttunni.
Þetta er sama ranga vígorðið og hentistefnumennirnir í gamla KFÍ settu fram gegn sjálfstæðri skipulagningu verkalýðslins á grundvelli stéttabaráttunnar.
Með aðstoð rangrar stéttagreiningar heldur Alþýðubandalagið uppi látlausum árásum á sósíalismann, alræði öreiganna og öreigastéttina sem hina einu byltingarsinnuðu stétt.
Þannig geta óvinir verkalýðsins haldið uppi árásum á að verkalýðsstéttin skipuleggi sig á byltingargrundvelli og hefji meðvitaða baráttu gegn kapítalismanum, ef ekki er til nægileg þekking á bæði bandamönnum og óvinum.
Þegar við segjum, að það sé nauðsynlegt að gera stéttagreiningu til að geta valið réttar baráttuaðferðir og þekkt markmiðið, þá eigum við ekki við, að það sé engin þekking til staðar til að marka stefnuna eftir, þvert á móti þá höfum við allar grundvallarlegar útlistanir vísindamanna öreigastéttarinnar, allt frá Marx til Maó Tsetungs, og einmitt með því að tileinka okkur niðurstöður þeirra og aðferðir til rannsókna getum við slegið föstum mikilvægum púnktum varðandi stéttagreininguna nú þegar, dæmi:
Höfuðmóthverfan er stétt gegn stétt, borgarastétt gegn öreigastétt.

Öreigastéttin, sem er hin kúgaða stétt, er það byltingarafl, sem mun kollsteypa auðvaldsþjóðfélaginu og byggja alræði öreiganna.

Öreigastéttin er fjölmennasta stéttin og sú eina, sem endanlega getur bundið endi á arðránið.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

LEIÐRÉTTINGAR

Í greininni "Verkamenn, reisum merkið aftur, byggjum kommúnistaflokk", sem birtist í síðasta tbl. hafa slæðst með villur, sem rétt er að leiðrétta.
1. Í textanum undir myndinni af fyrstu kröfugöngunni á Íslandi segir m.a.: "... en að tilhlutan Henriks Ottósonar í Jafnaðarmannafélagi Reykjavíkur er þessi fyrsta kröfuganga farin, sem heppnaðist mjög vel í alla staði og skapar stéttareiningu. Kröfurnar voru meðal annars: Framleiðslutækin þjóðareign. Atvinnubætur gegn atvinnuleysi. Engan réttindamissi vegna fátæktar. Engar kjallarakompur. Rannsókn á Íslandsbanka." Það er alls ekki rétt að segja, að kröfuganga, sem gengur undir smáborgaralegum kröfum "heppnist vel" eða "skapi stéttareiningu", því að einungis sú kröfuganga, sem gengur undir byltingarsinnuðum kröfum öreigastéttarinnar, getur og mun skapa stéttareiningu öreigastéttarinnar.

2. Sú skýring, sem gefin er á falli "vinstri" stjórnarinnar í sömu grein, er, að hún "hafi hrökklast svo frá völdum eftir 2ja ára setu vegna innbyrðis klofning um afstöðuna til hersins". Þetta er ekki rétt, það sem fyrst og fremst varð til þess að "vinstri" stjórnin réð ekkert við þá efnahagskreppu, sem hún átti við að etja.

Hafið samband við KSML

AKUREYRI: Hafið samband við fulltrúa KSML: Guðmund Ármann Sigurjónsson, Þórunnarstræti 135, P.O. Box 115.
Auk þess selur Bóka og Blaðasalan Brekkugötu 5 útgáfu efni KSML.
ESKIFJÖRÐUR: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML: Elías Kristinsson, Lambeyrarbraut 10.
NESKAUPSTAÐUR: Fulltrúi KSML þar er: Sigurður Jón Ólafsson, Heimavist Gagnfræðaskólans, P.O. Box 26.
REYKJAVÍK: KSML Skólastræti 3b, eða pósthólf 1357.
SELFOSS: Fulltrúi KSML þar er Jóhannes Gunnarsson, Austurvegi 65.
SIGLUFJÖRÐUR: Umboðsmaður Stéttabaráttunnar og annars prentaðs máls samtakanna:Óskar Garibaldason, Hvanneyrarbraut 25.

Orðabók öreigans

Ríkisvaldið framhald .....

Afstaða tækifærissinnanna til ríkisvaldsins.

Skýrt dæmi um afstöðu tækifærissinnana til ríkisvaldsins er þátttaka Alþýðubandalagsins í ríkisstjórninni og allt rugl þeirra t.d. í Rétti um að nú sitji við völd "alþýðustjórn". Með þessari þátttöku sinni í kúgunartæki bo borgaranna afhjúpa þeir sig sem óvin verkalýðsins og traustasta þjón auðvaldsins. Þeir reyna að falsa fyrir verkalýðnum stéttareðli ríkisvaldsins og boða um leið, að ef öll fyrirtæki væru ríkisrekin væri kominn á sósíalismi. Nú eru þessir aumingjar önnum kafnir, með "iðnbyltingar"Magnús í fararbroddi, við að reyna að skipuleggja framleiðslu auðvaldsins. En hvað þýðir krafan um ríkisrekin fyrirtæki og "iðnbylting" Magnúsar? Jú, þetta er nákvæmlega það sama og heimta skipulagt auðvald. Um þetta segir Lenín:

> " En enda þótt þeir skipuleggi atvinnuvegina og enda þótt auðdrottnarnir reikni fyrirfram út magn framleiðslunnar og tempri samkvæmt áætlunum sínum, sem ýmist eru miðaðar við heimalandið eða jafnvel allan heiminn, þá erum vér þrátt fyrir það innan takmarka auðvaldsins, og enda þótt það sé komið á nýtt stig, þá verður því ekki neitað, að þetta er líka auðvaldið. Fyrir raunverulega verkalýðsfulltrúa ætti það, að slíkt auðvaldsskipulag sem þetta "stendur" sósíalismanum "nærri", að vera eitt sönnunargagnið fyrir því, hve nálæg sósíalíska byltingin er, hve auðvelt er að framkvæma hana og hversu aðkallandi hún er, en enganveginn röksemd fyrir því, að það beri að sýna afneitendum byltingarinnar umburðarlyndi né heldur þeim, sem fegra auðvaldið, eins og allir endurbótasinnar gera."
> (Ríki og bylting, bls. 85)

Verkamenn, látum andbyltingarsinnana í AB sigla sinn sjó og byggjum kommúnistaflokk, sem er fær um að mölbrjóta ríkisvald borgaranna og byggja vort eigið byltingarsinnað alræði öreiganna.
Tökum þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KSML!

"Lýðræði" borgaranna.

Í auðvaldsþjóðfélagi nútímans ríkir alræði borgarastéttarinnar. Til viðhalds og varnar þessu alræði sínu hefur borgarastéttin ríkisvaldið, sem samanstendur af framkvæmdavaldi, löggjafarvaldi og dómsvald, þ.e.a.s. til viðhalds arðráni og kúgun minnihluta þjóðfélagsins (borgarastéttarinnar) á meirihlutanum, sem sé öreigastéttinni - og til varnar þess að öreigastéttinni takist ekki að skipuleggja sig í kommúnistaflokk og taka völdin í sósíalísku byltingunni.

Hið margrómaða "lýðræði" í auðvaldsþjóðfélaginu er einnig í samræmi við hlutverk ríkisvaldsins - "lýðræði" fyrir hinn ríka minnihluta - "lýðræði" fyrir borgarastéttina.

Ríki alræðis öreiganna, ríkisvaldið deyr út.

> "Milli auðvaldsþjóðfélagsins og þjóðfélags kommúnismans er byltingartímabil, er breytir hinu fyrrnefnda í hið síðarnefnda. Til þess svarar einnig stjórnarfarsleg umskiptatímabil og þá getur ríkið ekki verið annað en byltingarsinnað alræði öreiganna."
> (Karl Marx).

Þegar sósíalíska byltingin er yfirstaðin hefst nýtt sögulegt tímabil þjóðarinnar. Það tímabil nefndi Marx alræði öreiganna. Í alræði öreiganna (sósíalismanum) eru höfuðstéttirnar enn til, þ.e.a.s. borgarastétt, sem er nú svipt öllum völdum sínum og er hin kúgaða og deyjandi stétt, smáborgarastéttin, sem fer ört hrörnandi vegna uppkomu samyrkjubúa og útrýmingar smáframleiðslunnar í einkaeign, og loks öreigastéttin, sem er hin drottnandi stétt.
Hún hefur framleiðslutækin á valdi sínu og ríkisvaldið er tæki í höndum hennar til að berja niður allar tilraunir borgarastéttarinnar til að komast aftur til valda. Tilraunir borgaranna til gagnbyltingar koma helzt fram í því, að ýmsir hentistefnumenn, eins og t.d. Krústsjoff og Lín Píaó, reyna að komast til valda í kommúnistaflokki öreiganna og reka kommúnistana úr valdastöðum innan flokksins. Þessi lævíslega tilraun til að vinna virkið innan frá tókst í Sovét 1956, en kommúnistarnir í Kína, Albaníu, N.-Víetnam og N.-Kóreu hafa lært af þessari dýrkeyptu reynslu og hafið miskunnarlausa herferð gegn hentistefnunni hvar sem er og í hvaða mynd, sem hún kemur fram.
Stéttabaráttan hverfur því ekki í sósíalismanum, heldur þvert á móti verður hún miklu harðari en nokkurn tímann áður. Þar af leiðir að í alræði öreiganna getur ekki verið til neitt lýðræði fyrir borgarastéttina.

Þegar svo alræði öreiganna hefur náð því stigi, að andstæðan milli andlegrar og líkamlegrar vinnu hverfur, myndast skilyrðin fyrir því, að ríkisvaldið, á löngu þróunarskeiði, deyr út og þar með að stéttirnar líða undir lok.
Þá hefst tímabil kommúnismans, þar sem: "hver og einn vinnur það sem hann er hæfur til og fær í sinn hlut það sem þarfir hans krefjast."
(Karl Marx.)

NÁMSSTARFIÐ Í FYRIRRÚMI...

Fræðikenninguna má ekki meðhöndla í tómarúmi.

En það er ekki bara nóg að vita, að maður þurfi að hafa byltingarfræðikenninguna á valdi sínu til að verða sigursæll í stéttabaráttunni. Hvernig nær maður valdi á fræðikenningunni og hvernig á að ryðja veginn fram á við fyrir byltingarhreyfingu verkalýðsins og stöðugt bæta við þann grundvöll, sem þegar er lagður? Fyrri spurningunni er svarað í inngangnum að endurbættri námshandleiðslu grundvallarnámshrings KSML:

"Fyrir byltingarsinnaða hreyfingu öreiganna er það algjörlega nauðsynlegt að tileinka sér og viðhalda tökunum á hinni byltingarsinnuðu fræðikenningu. „Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar - enginn byltingarsinnuð hreyfing", segir Lenín. En fræðikenninguna má ekki meðhöndla í tómarúmi, laushangandi í loftinu. Hana verður að nema í nánum samtengslum við starfið. Alveg eins og starfið verður í blindni án fræðikenningarinnar, þá verður fræðikenninginn innantómur frasi ef hún beinist ekki að starfinu. Þess vegna hefur námshringur KSML ekki orðið til til þess að verða numinn aðskilin frá stéttabaráttunni eða til þess að framleiða munnfima en starfslamaða sérfræðinga í marxisma. Námshringurinn á að vera byltingarsinnaður skóli í nánu sambandi við allt það starf, sem meðlimir og stuðningsmenn okkar fást við. Markmið hans er eitt: Að skóla baráttumeðlimi í kommúnistahreyfingunni."

Hið byltingarsinnaða námsstarf er höfuðverkefnið.

Eins og ástatt er á Íslandi í dag, er hið byltingarsinnaða námsstarf öreigastéttarinnar höfuðverkefnið, og verður það yfir langt tímabil áfram. Það verður ekki fyrr en hugmyndafræði öreiganna hefur náð vissri útbreiðslu og rótfestu í verkalýðsstéttinni og framvörðurinn hefur herzt nægilega mikið í stéttabaráttunni og hefur nægum starfskröftum á að skipa, sem hafa fullkomlega þekkingu og tök á hinni byltingarsinnuðu fræðikenningu, að hægt verður að segja að fyrsta tímabilinu sé lokið og að höfuðverkefni öreiganna á Íslandi verði annað en hið byltingarsinnaða námsstarf. Eina leiðin til að ljúka þessu áætlunarverki er að láta hina byltingarsinnuðu fræðikenningu leiða alla starfsemi byltingarhreyfingarinnar og móta starfsstíl hennar. Þess vegna verður námsstarfið í vísindum öreiganna að sitja í fyrirrúmi allrar annarar starfsemi KSML. Annað, t.d. að setja áróðursstarfið í fyrirrúmið, myndi þýða, að samtökin settu sér verkefni "fram úr" þeirri grundvallarþekkingu, sem þau hafa í dag og árangurinn yrði svipaður og þegar kerrunni yrði beitt fyrir hestinn.

Verkalýðsstéttin getur aldrei af sjálfu sér orðið meðvituð um nauðsyn sósíalismans.

Í formála námshandleiðslunnar að díalektísku og og sögulegu efnishyggjunni segir:

"En hlutverk marxismans er ekki eingöngu að úskýra heiminn heldur er höfuðhliðin í marxismanum einnig framsýn. Hann stefnir að því breyta þjóðfélagskerfinu-frá kapitalisma til sósíalisma. Marxisminn er byltingarsinnaður og stendur í skarpri mótsetningu við allar aðrarheimspekikenningar. Skilyrðin fyrir þessu, er að hin byltingarsinnaða heimspeki, þ.e.a.s. hugsunin, verði gerð eign verkalýðsstéttarinnar og að fjöldi verkalýðsstéttarinnar fái tök á henni í baráttu sinni gegn kapitalismanum. Þá fyrst getur hinn byltingarsinnaði hugsunarháttur orðið að efnislegum krafti.

Þýðir þetta þá ekki, að verkalýðsstéttin komist af eigin afli að þeirri niðurstöðu, að sögulega og díalektíska efnishyggjan er hin eina heimsspeki, sem þjónar öllum markmiðum verkalýðsstéttarinnar í stéttabaráttunni? Nei, þannig er ekki hægt að skilja fullyrðinguna. Í gegnum baráttu sína gegn auðvaldinu getur verkalýðsstéttin, skoðuð sem stétt og heild, aldrei orðið meðvituð um nauðsyn annars þjóðfélags og hvernig heyja á baráttuna fyrir því. Stéttarhagsmuni sína í dægurmálum getur verkalýðsstéttin formað mjög skýrt út frá hinum ráðandi aðstæðum, en aldrei hið lengra sjónarmið í baráttunni. Án áróðurs frá kommúniskum flokki getur verkalýðsstéttin ekki tileinkað sér hina byltingarsinnuðu heimspeki, sem marxisminn er, lært að skilja sögulegt hlutverk kapitalismans (sem líka felur í sér útrýmingu hans), eða hina óleysanlegu mótsetningu á milli launavinnu og auðmagns, sem aðeins er hægt að sigra með því, að verkalýðsstéttin útrými kapítalistunum sem stétt".

"Berjist og lærið."

Þessi hvatningarorð Leníns gilda í ríkum mæli á Íslandi í dag, þegar hin ungu samtök KSML eru að ryðja hugmyndafræði öreiganna braut í stéttabaráttunni á Íslandi.

Fyrir þá öreiga, sem í dag hafa ekki fengið djúpsæa innsýn í hugmyndafræði öreigastéttarinnar, er námsstarf í marxismanum-lenínismanum forsenda þess, að þeir geti tekið þátt í stéttabaráttunni á byltingarsinnaðan hátt.

Til þín félagi, sem hefur verið að hugsa um byltingarsinnað námsstarf um tíma, en hefur ekki komið því í verk að hefja skipulagt markvisst nám í vísindum öreiganna, segjum við:

Tvístígðu ekki lengur, taktu skrefið til fulls og hafðu samband við sölumenn Stéttabaráttunnar eða skrifaðu til KSML, pósthólf 1357 Rvk. og láttu skrá þig í námshring KSML. Með því móti muntu taka í því brautryðjendastarfi, sem samtökin hafa á herðum sér í stéttabaráttunni í Íslandi í dag, og þú munt skapa þér traustan byltingarsinnaðan grundvöll til að heyja skipulagða markvissa baráttu gegn íslenzku borgarastéttinni fyrir markmiði okkar; útrýmingu auðvaldsskipulagsins á Íslandi og uppbyggingu sósíalisks verkalýðsríkis undir forystu alræðis öreiganna.

Námsnefnd KSML

„VERKAFÓLK-SENDIÐ RAUÐA ÁRÓÐURSSVEIT Á BORGARAÞINGIÐ!"

VIÐTAL VIÐ TVO SÆNSKA KOMMÚNISTA

Í Svíþjóð verða kosningar þann 16. september næstkomandi. Fyrir utan borgaralegu og smáborgaralegu flokkana bjóða einu byltingarsamtökin í Svíþjóð KFML(r) fram til borgaralega þingsins. Hér á landi eru stödd hjónin Christer og Nina Gunn, bæði meðlimir í KFML(r), í sumarleyfi sínu. Stéttabaráttan náði tali af þeim og innti þau um ástandið í Svíþjóð með tilliti til kosninganna.

Sp.: Hvers vegna bjóða KFML(r) fram til borgaralega þingsins ?

Christer: Það eru einkum þrjár ástæður, sem liggja til grundvallar framboði okkar. Í fyrsta lagi, þá er hér um að ræða sérstaklega hentugt tækifæri til að færa út sósíalíska byltingaráróðurinn. Fólk ræðir meira pólitík í sambandi við kosningar og hefur meiri áhuga þá. Framboð gefur einnig möguleikann á að nota útvarp og sjónvarp til að reka áróður fyrir sósíalismanum, þrátt fyrir að það sé af skornum skammti. Borgaralegu og smáborgaralegu flokkarnir fá minnst 10 tíma til að reka kosningaáróður í sjónvarpi og útvarpi, en KFML(r) fær aðeins 15 mínútur. Í öðru lagi, þá eru kosningarnar mælikvarði á meðvitund verkalýðsstéttarinnar í Svíþjóð, því þær sýna í hve miklu umfangi sósíalíska stéttarmeðvitundin er hjá verkalýðsstéttinni. Í þriðja lagi er hægt að afhjúpa borgaralega þingræðið og styðja baráttuna utan þingsins í þinginu.

Nina: KFML(r) ganga út í kosningabaráttuna með eftirfarandi vígorð:
Fram til sósíalíska verkalýðslýðveldisins!
Stétt gegn stétt!
Lifi ólöglegu verkföllin!
Öreigar og kúguð alþýða allra landa -sameinizt!
Verkafólk - sendið rauða áróðurssveit á borgaraþingið!
Vígorðið Verkafólk - sendið rauða áróðurssveit á borgaraþingið, tjáir mikilvægan hluta af kosningaáróðri okkar og gefur til kynna hinn raunhæfa tilgang að kjósa samtök okkar: að koma á fót kommúnískum þinghóp (fraktion). Vígorðið gefur einnig ábendingu um, hver verkefni hópsins er að okkar mati - ekki að skrifa óskalista í formi frmvarpa eins og umbótasinnarnir, heldur að nota ræðustólinn líka til þess að breiða út hugmyndir kommúnismans: hvetja verkalýðsstéttina til aukinnar byltingarsinnaðrar aðgerða til að kollsteypa borgurunum; afhjúpa öll bellibrögð, laumuspil og svikatafl borgaralegu og smáborgaralegu flokkanna; afhjúpa stéttareðli flokkanna og innbyrðis spil þeirra og beita öllum ráðum til að ryðja burt öllum þeim goðsögnum, sem umhylja þingið. Með öðrum orðum, þá verðum við að hrífa verkalýðinn frammi fyrir þeim þeim möguleika, að loksins sé hægt að koma á fót byltingarsinnuðum hóp á þinginu, sem getur sagt borgurunum sannleikann beint upp í andlitið, staðið þá beint að verki og sem getur átt hlutdeild í að undirbúa her stéttmeðvitaðra baráttumanna fyrir sósíalísku byltinguna.

Sp.: Í hverju hefur kosningaundirbúningur KFML(r) verið fólginn og hvernig færið þið út stéttaráróður ykkar?

Christer: Í byrjun undirbúningsstarfsins, þá námum við sígild ritverk marxismans-lenínismans til þess að tileinka okkur almenna reynslu verkalýðsstéttarinnar og þær aðferðir, sem hún hefur notað í kosningabaráttu viðkomandi landa. Í þessu sambandi gáfum við út bók með greinum eftir Lenín um kommúnísku kosningaherferðina. Á grundvelli þessa náms höfum við gert skilgreiningu á borgaralegu og



Nina og Christer Gunn líta í Stéttabaráttuna. Á veggnum fyrir aftan þau sjást nokkur þeirra veggblaða, sem KFML(r) hefur gert í kommúnísku kosningaherferðinni.

smáborgaralegu flokkunum og hún hefur legið til grundvallar baráttuaðferðar okkar í kommúnísku kosningaherferðinni í Svíþjóð í dag. Við notuðum sem sagt aðferðir Leníns á sænsku aðstæðunum.

Nina: Til að mæta auknum hugmyndafræðilegum árásum borgaranna á kosningatímbilinu, þá settum við okkur það markmið að fjölga áskriftum höfuðmálgagns okkar -Proletären- um helming og auka útgáfutíðni blaðsins frá vikublaði og upp í blað, sem kemur tvisvar út í viku. Í þessu skyni buðum við upp á sérstaka kosningaáskrift á Proletären, sem gildir út kosningatímabilið. Markmið okkar með þessari áskrift er að vinna, þá nýju áskrifendur að blaðinu fyrir áframhaldandi áskrift að kosningunum loknum og vinna þá fyrir hugmyndir kommúnismans. Á tveimur mánuðum tókst okkur að fjölga áskrifendunum frá 5 þúsund og upp í 10 þúsund.

Christer: Í undirbúningnum verður farin sérstök áróðurs- og útbreiðsluherferð út um allt land, sýnd kvikmynd af réttarhöldunum (sjá sérstakan dálk um 14. maí-réttarhöldin annars staðar á síðunni), atvinnubyltingarmenn okkar halda ræður á fundum, áróðurs- og útbreiðsluhópar okkar munu standa fyrir leikþáttum og söngum, og fyrir utan kvikmyndina, sem við höfum gert um réttarhöldin, hefur einnig komið út bók um þau á okkar vegum.

Þar sem verkalýðsstéttin er hlekkjuð í umbótastefnu eftir stjórn sósíaldemókrata í Svíþjóð í yfir 40 ár og vegna skorts á kommúnískum flokki, þá verður það megintilgangurinn í kommúnísku kosningarherferðinni að afhjúpa raunverulegt stéttareðli sósíaldemókratanna og VP"K" (Vinstri flokkurinn "kommúnistarnir" svipað og Alþýðubandalagið á Íslandi) og sýna fram á, að fyrir sænsku verkamennina er spurningin STÉTT GEGN STÉTT !

Að lokum, þá létu Nina og Christer í ljós ánægju sína yfir þeirri þróun á Íslandi, að baráttan fyrir stofnun kommúnistaflokks skyldi vera hafin á ný og óskuðu byltingarhreyfingunni alls gengis í stéttabaráttunni á Íslandi.

KFML(r)-EINU BYLTINGARSAMTÖKIN Í SVÍÞJÓÐ

KFML(r) (Kommúnistasamtökin marxistarnir-lenínistarnir, byltingarsinnarnir) mynduðust 1970 í harðvítugri baráttu gegn hægrihentistefnu og smáborgaralegum sósíalistum, þegar KFML sundraðist í tvo hluta, (r) sem þýðir byltingarsinnarnir og (s) sem þýðir sósíaldemókratarnir. Sundrungin varð lyftistöng á þróun allrar byltingarhreyfingarinnar í Svíþjóð og í dag hafa KFML(r) sýnt og sannað, að þau eru einu pólitísku samtökin í Svíþjóð, sem hafa getað þróað áfram stéttabaráttu verkalýðsstéttarinnar á byltingarsinnuðum grundvelli. Með markvissu uppbyggingarstarfi meðal verkalýðsins hefur KFML(r) tekizt að fá rótfestu í verkalýðsstéttinni og byggir á henni alla starfsemi sína.

Í dag hafa KFML(r) grunnsellur í öllum stærstu iðnfyrirtækjum í Svíþjóð (yfir 100 stærstu), hafa deildir og starfshópa í 80 bæjum og 33 bókabúðir víðs vegar um landið. KFML(r) hafa einnig byggt út byltingarstarfsemi sína meðal öreigaæsku og byltingarsinnaðra námsmanna og á því sviði starfa æskulýðssamtökin SKU(m-l) og SKS(m-l), sem eru samtök kommúnískra námsmanna.

Á vegum byltingarhreyfingarinnar starfa tvö bóka- og blaðaforlög og alls eru gefin út um 7 blöð og þar af eitt á finnsku. Aðalmálgagn KFML(r) er Proletären (Öreiginn) og byrjaði að koma út tvisvar í viku í júlí s.l. Klasskampen (Stéttabaráttan) er fræðilegt málgagn hreyfingarinnar. Aðalmálgagn æskulýðssamtakanna er Ungkommunisten (Ungkommúnistinn) og breytist nú úr mánaðarblaði yfir í hálfsmánaðarblað. KFML(r) hefur einnig byltingarsinnaða klúbba á flestum herdeildum sænska hersins og á vegum þeirra kemur Soldattidningen (Hermannablaðið) út. Á vegum byltingarhreyfingarinnar starfa meira en 10 sérstakar áróðurs- og útbreiðsluhópar, sem breiða út og reka áróður fyrir kommúnismann í formi leiklistar og tónlistar.

Nýlega héldu samtökin dag samtakanna - Förbundsdagen - í Gautaborg og söfnuðust þar



Yfir 2 þúsund byltingarsinnar syngja Alþjóðasöng verkamanna á degi samtakanna í Gautaborg.

saman 2 þúsund meðlimir víðs vegar að af landinu. Formaður miðstjórnar KSML, Gunnar Andrésson, var þarna staddur sem eini erlendi fulltrúinn og hélt stutta ræðu um KSML og lýsti yfir eindregnum stuðningi íslenzku byltingarhreyfingarinnar við baráttu sænsku félaganna gegn fasistaofsóknunum í formi réttarhalda. Hann fékk góðar móttökur hjá sænsku félögunum og það sem einkenndi Förbundsdagen, var algjör pólitísk eining og baráttuvilji fyrir hið nálæga verkefni verkalýðsstéttarinnar í Svíþjóð: að byggja kommúnistaflokk, sem leitt getur sænsku.öreigana til sigurs í sósíalísku byltingunni, útrýmt arðránskerfinu í Svíþjóð og byggt upp sósíalismann í skjóli alræðis öreiganna.



Frank Baude formaður miðstjórnar KFML(r)

KOMMÚNISTAOFSÓKNIR Í SVÍÞJÓÐ

Stéttabaráttan dregur hér upp bakgrunninn að kommúnistaofsóknunum í Svíþjóð:



Margreth í óða önn við að "misþyrma" lögreglumönnum

Í Svíþjóð er 14. maí 1971 tákn fyrir stéttardómstóla og kommúnistaofsóknir. Þennan dag mótmæltu heiðarlegir andheimsvaldasinnar ráðstefnu heimsvaldasinna frá USA, Sovét, Japan, V-Þýzkalandi með leiðandi sænskum heimsvaldasinnum, þar sem átti að ræða "heimsverzlunarvandamálin". Mótmælin beindust gegn heimsvaldastefnunni sem kerfi, en aðallega gegn alþýðumorðinu í Víetnam og bandaríska þátttakandanum á ráðstefnunni, David Rockefeller.

Fyrir þessi mótmæli hafði lögreglan undirbúið svínslegar árásir á mótmælendurna: hún var staðráðin í að sýna styrkleika sinn yfir byltingarhreyfingunni og hátt settir lögreglustjórar voru látnir leiða aðgerðirnar. Lögreglu hafði verið smalað saman úr nærliggjandi héruðum og eingöngu þjálfaðir kylfulemjarar með margra ára reynslu ásamt ungum taugaveikluðum nýbyrjuðum lögregluþjónum voru látnir framkvæma árásina.

SÄPO (sænska alríkislögreglan, svipað og CIA í USA) ætlaði að láta til skarar skríða og margir óeinkennisklæddir leynilögreglumenn með myndavélar voru á flakki. Markmiðið var að lemja svo marga mótmælendur sem mögulegt var og handtaka, og setja síðan á svið réttarhöld eftirá til að kæfa framvöxt

Framhald á baksíðu

1. MAÍ 1973 BYLTINGARFÁNINN RÍS Á NÝ

Í ár voru þrjár göngur gengnar 1. maí undir byltingarsinnuðum merkjum KSML. Í Reykjavík gengu um 100 manns, á Akureyri milli 40 - 50 manns og á Selfossi um 30 manns. Áöllum þessum stöðum voru útifundir í lok gangnanna og var gerð fasísk árás á útifundinn á Selfossi. Á Neskaupstað var haldinn fundur á vegum samtakanna 2. maí.

Hvarvetna komu samtökin fram undir vígorðunum STÉTT GEGN STÉTT ! NIÐUR MEÐ HEIMSVALDASTEFNUNA - LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA ! LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR ! og NIÐUR MEÐ KAPÍTALISMANN - LIFI SÓSÍALISMINN ! Hér á eftir fara stuttar frásagnir af 1. maí á viðkomandi stöðum ásamt pólitískri samantekt á þýðingu 1. maí 1973 fyrir byltingarhreyfinguna í heild á Íslandi.

FASÍSK ÁRAS Á KSML Á SELFOSSI

Á hinum alþjóðlega degi verkalýðsins 1. maí, efndu KSML til kröfugöngu og útifundar á Selfossi. Í kröfugöngunni tóku þátt um 30 manns, fyrst og fremst félagar og stuðningsmenn KSML frá Selfossi og Lýðháskólanum í Skálholti. Útifundurinn var miklum mun fjölmennari. Aðgerðir þessar fóru á annan veg en að var stefnt. Fundinum var hleypt upp af fasistum með dyggri aðstoð lögreglu, sem vottaði fasistunum stuðning sinn með fjarveru sinni.

Árás fasista.

Lögreglu staðarins var tilkynnt um fund og göngu í símtali við Jón Guðmundsson yfirlögregluþjón, með tveggja daga fyrirvara. Hafði hún ekkert við fyrirhugaðar aðgerðir að athuga.

Meðan á göngunni stóð kvað við lúðrablástur bifreiða og öskur og vein "veluppaldra" ungmenna. Kvað svo rammt að þessu, að velmétnir borgarar hikuðu jafnvel ekki við að keyra bifreiðum sínum í veg fyrir gönguna og inn í hana. Lögreglan gætti þess vel að láta hvergi sjá sig, þrátt fyrir þá slysahættu, sem skapaðist, er gangan fór eftir fjölförnustu götum þorpsins. Á göngumönnum dundi hríð fúleggja, vatnspoka, sandpoka o.þ.h. frá heilaþvegnum íhaldsungum.

Þó keyrði fyrst um þverbak, er komið var að fundarstað, sem var við Selfossbíó. Þar hafði nokkur hópur unglinga safnazt saman, er iðkaði það að fleygja alls konar drasli að fundarmönnum, til þess hvattir af forystuklíku ungra íhaldsmanna í Árnessýslu. Þótti áberandi hve unglingarnir áttu greiðan aðgang að nálægum veitingastað til að fylla vatni á poka m.a.

Er fyrri ræðumaðu, Jóhannes Gunnarsson mjólkurfræðingur, var hálfnaður með ræðu sína, gerði fasistaskríllinn áhlaup og ætlaði að ryðjast inn á svæðið við ræðupúltið. Hafði hann undirbúið þetta áður með því að kasta sandpokum að ræðumanni. Nokkrir félagar snérust þá til varnar og lauk þeim átökum með því, að einn þeirra var keyrður á sjúkrahús með snert af heilahristing, en annar fékk blóðnasir. Auk þess náðu fasistarnir að kveikja í einum kröfuborða. - Er svo var komið var ekki annað fært en að slíta fundinum.

Lögreglan afhjúpar sig.

Fundarmenn furðuðu sig á því, að lögreglan skyldi hvorki vera viðstödd gönguna né fundinn. Nokkru eftir að fundinum var slitið ók lögreglubíll framhjá staðnum og var hann stöðvaður af nokkrum félögum, sem kröfðust skýringar.

Í fyrstu kváðust lögregluþjónarnir ekkert hafa vitað um aðgerðirnar en urðu að kyngja þeirri lyginni fljótt. Þá kváðust þeir hafa ekið framhjá kl. 18 og hafi ekkert verið byrjað þá, og þeir því haldið að ekkert yrði úr þessu öllu saman. Er karafizt var að þeir tækju skýrslu af viðstöddum neituðu þeir algjörlega, þó svo að þeim hafi verið bent á að meiðsli hefðu orðið á mönnum. Nokkru síðar skýrði yfirlögregluþjónninn einum félaga í síma, hvernig hafi staðið á afskiptaleysi lögreglunnar. Þessir lögregluþjónar voru nefnilega að sinna slysi og höfðu svo óttalega mikið að gera við það. Því miður fyrir hinn sannleikselskandi yfirlögregluþjón, skeði slysið ekki fyrr en nokkru eftir að fyrrgreindir atburðir höfðu gerzt. Að lokum tókst þó að fá skýringu á þessu sinnuleysi lögreglunnar:

KSML hafði ekki beðið um vernd, auk þess sem einn félagi hefði tjáð lögreglunni að hann byggist ekki við ólátum. Sökin var því allt í einu orðin hjá KSML.

Samkvæmt lögum borgaranna, ber lögreglu að koma í veg fyrir óspektir, ef tök eru á, og vernda löglegar göngur og útifundi fyrir árásum. En lög borgaranna ná ekki til verkalýðsins ef henta þykir.

Þann 11. maí kom fram fréttatíma sjónvarpsins, að lögreglubíll hefði ekið framhjá, þar sem gangan hafi átt að hefjast, bæði kl. 18 og stundarfjórðungi síðar. Gangan hafi ekki verið hafin í hvorugt skiptið. Voru ummæli þessi höfð eftir sjálfum sýslumanni Árnessýslu. Hver maður, sem staddur var fyrir utan Selfossbíó á þessum tíma, veit, að þetta eru helber ósannindi, enda stangast þau á við fyrri ummæli, en þá var tjáð, að þeir hefðu eingöngu keyrt framhjá kl. 18.

Lögreglan er tæki borgarastéttarinnar.

Annars var þetta sem annað hjá lögreglunni í þessu máli. Framkoma hennar hefur einkennzt af lygum og fljótfærnisfumi.

Lögreglan opinberaði sitt sanna eðli 1. maí á Selfossi. Þar sýndi hún öllum almenning, að hennar hlutverk er ekki að verja kröfugöngur á degi verkalýðsins, eða vernda hagsmuni verkalýðsins. Það eru hagsmunir borgarastéttarinnar og framvarðasveita hennar, fasistanna, sem henni er falið að gæta. Og hún gerði það dyggilega á Selfossi. Framsýnir verkamenn, sem vilja kollvarpa þjóðskipulaginu, sem hér ríkir og koma þess í stað á alræði öreiganna, geta því aldrei reitt sig á lögregluna, heldur vita þeir, að henni er beitt gegn þeim.

Þáttur fjölmiðla.

Fjölmiðlarnir hafa ekki legið á liði sínu við að reyna að þagga niður þessa fólskulega fasistaárás. Morgunblaðið, Vísir og Tíminn hafa þagað þunnu hljóði um atburðina. Alþýðublaðið, sem eitt sinn taldi sig blað verkamanna, taldi sig lítið upp úr því hafa að birta frétt af þessu, þar sem fréttir af atburðunum höfðu birzt í Þjóðviljanum og því ekki hægt að gera úr þessu æsifregn.

Þó flæddi úr öllum gáttum, er Neisti litli, málgagn Fylkingarinnar "baráttusamtaka sósíalista", skýrði frá ofbeldisverkum íhaldsmanna. Í stað þess að ráðast harðlega á þessa fasistaárás fulltrúa borgarastéttarinnar, var lítillega rætt um skrílslæti og barsmíðar hægrisinnaðra Selfyssinga. Fylkingin er orðin svo staurblind vegna stéttasamvinnustefnu sinnar, að hún megnar ekki að sjá og skilja, þegar um stéttaátök er að ræða. Neisti klykkir svo út með því að taka undir með Jóni Guðmundssyni, að það sé allt KSML að kenna, hvernig fór. KSML ætti að vita að það þýði ekki neitt að vera að bisa við að flytja byltinguna til Selfoss frá Reykjavík. Svo þykjast þessi smáborgaralegu Fylkingargrey vera fær um að byggja upp kommúnistaflokk.

Niðurstöður.

Það var augljóst, hverjir stjórnuðu og báru ábyrgð á þessum fasísku árásum. Vitni er fyrir því, að þrír forystumenn Félags ungra sjálfstæðismanna í Árnessýslu hvöttu unglingana til frekari "dáða" við eggjakast og b baul. Auk þess stóðu þeir í miðjum flokki ofbeldisseggjanna, er árásin var gerð, og stóðu í eigin persónu fyrir líkamsmeiðingum. Síðan ætlast þessir menn til að fólk gleypi hrá lygi þeirra, er þeir segjast eingöngu hafa verið að bjarga selfysskum æskulýð undan barsmíðum vondra kommúnista (sjá ÞJÓÐÓLF 5. maí).

En þessir atburðir eru það, sem við kommúnistar megum búast við, svo skjótt sem stéttabaráttan harðnar. Borgarastéttin mun skipuleggja fasíska ofbeldishópa til þess ætlaða að berja niður hvers konar mótmæli verkalýðsins.

Selfosssella KSML



Gangan á Selfossi



Jóhannes Gunnarsson flytur ræðu


Fasistar reyna að hindra gönguna


Slasaður félagi KSML fluttur á brott


Helztu forvígismenn fasistanna

FUNDUR KSML Á SELFOSSI

Atburðirnir 1. maí hafa verið harðlega fordæmdir af selfyssku verkafólki og lögregla og fasistar hafa hlotið fyrirlitningu öreiga að launum fyrir ofbeldisathafnir sínar á degi verkalýðsins. Það kom greinilega fram á fundi, sem KSML héldu á Selfossi skömmu eftir 1. maí, að þekking selfyssks verkalýðs á KSML hefur stóraukizt og áróður samtakanna hlotið miklu víðtækari útbreiðslu en fyrr.

Fundurinn tókst með ágætum og sóttu hann um 60 manns. Á fundinum fluttu 3 félagar úr KSML framsöguræður:
1. Um stefnu- og starfshætti KSML.
2. Um fasismann.
3. Um aðgerðirnar 1. maí.
Að þeim loknum var svarað fyrirspurnum.

Sósíalisminn er í framsókn á Selfossi, um það ber þessi fundur vitni. Það kemur einnig vel fram í viðtalinu við selfysskan verkamann hér í blaðinu, svo og þeim góðu móttökum, sem "mótmælayfirlýsingin gegn heimsvaldastefnunni" hlaut hjá verkafólki í Mjólkurbúi Flóarmanna.

Kommúnistasamtökin munu fylgja þessu eftir með stórauknu starfi á Selfossi framvegis. Sella hefur verið stofnuð með félögum á Selfossi og **námshópur hefur verið myndaður.**


Fundurinn á Selfossi



SELFYSSKIR VERKAMENN MUNU GANGA MEÐ KSML 1974


Gunnar Þórðarson er 24. ára mjólkuriðnaðarmaður við MBF á Selfossi. Hann var einn þeirra fjölmörgu, sem sóttu útifund KSML á Selfossi 1. maí s.l. Tíðindamenn STÉTTABARÁTTUNNAR fóru á fund hans í því tilefni og lögðu fyrir hann nokkrar spurningar.

- Hvers vegna telur þú, að árásin hafi verið gerð á KSML 1. maí hér á Selfossi ?

- Stéttarlegt inntak þessara atburða var ótvírætt. Ég var dálítið undrandi á því að Sjálfstæðismenn skyldu afhjúpa sig á þennan hátt, og sýna sitt rétta innræti opinberlega. Verkamenn sjá nú hvers konar pólitík þessir menn reka í raun, og sjá hve grunnt er á fasismanum, þegar lýðræðisblæjunni hefur verið svipt af. Ég tel að árásin leiði í ljós algert rökþrot þessara manna. Þeir óttast kommúnismann og vildu koma í veg fyrir, að Kommúnistasamtökin kæmu skoðunum sínum á framfæri. Það hefur sjálfsagt ýtt undir þá, að töluvert fjölmenni var á fundinum og þess vegna enn nauðsynlegra fyrir þá, að kommúníski áróðurinn kæmist ekki á framfæri.

Ég var vitni að árás á útifundinn, það var kastað eggjum, sandpokum, vatnspokum og slíku á fundarmenn og einnig ráðizt á þá með líkamsmeiðingar í för með sér. Þess má geta, að meðan á göngunni stóð, undirbjuggu óaldarseggirnir sig vel. Þeir æfðu sig í að kasta í mark og athuguðu hvernig sandurinn dreifðist o.s.frv. Það voru fasistarnir, sem gerðu árás og upptökin voru algjörlega hjá þeim. Ég sá, að 3 forystumenn ungra sjálfstæðismanna hér í Árnessýslu, stóðu í miðjum hóp óeirðarseggjanna og tóku þátt í stympingum. Varðandi þetta vil ég að lokum benda á , að árás á KSML í dag getur þýtt árás á verkalýðshreyfinguna á morgun, þ.e.a.s. ef verkalýðshreyfingin tæki upp framsýna baráttu.

-Hvað viltu segja um viðbrögð og framkomu lögreglunnar?

- Mann rennur í grun, að ef einhver önnur stjórnmálasamtök hefðu haldið fundinn, þá hefði ekki staðið á lögreglunni að hafa lið til að vernda fundarmenn. Aðgerðarleysi lögreglunnar vekur mann til umhugsunar um hver staða lögreglunnar er í auðvaldsþjóðfélaginu. Hún virðist alltaf vera vinnuglöð, þegar um er að ræða að vernda hagsmuni yfirstéttarinnar.

-Hvað viltu segja um höfuðvígorð KSML á Selfossi ?

-Ég er sammála þeim. Í þessu sambandi virðist mér að vígorðið STÉTT GEGN STÉTT sé vegna borgaralegs áróðurs misskilið meðal verkalýðsins. Það er fólgið í því, að sumir virðast halda, að hinar ýmsu starfsstéttir eigi að berjast gegn hver annarri, samkvæmt þessu vígorði. Pólitísk fræðsla verkalýðsins verður að koma til, til að eyða þessum og öðrum röngum hugmyndum.

-Hver er skoðun þín almennt á verkalýðsforystunni ?

-Ég sótti fræðslunámskeið ASÍ fyrir skömmu. Þar héldu þeir pólitíkinni algjörlega utangarðs sem þeir gera alltaf. Það er vegna þess, að þeir eru skíthræddir við, að verkalýðurinn kynnist hinum sanna marxisma, og varpi þá þeim og svikahyski þeirra á dyr. Verkalýðshreyfingin í dag heyr væga efnahagslega baráttu, og þeir hafa algjörlega lagt hina raunhæfu pólitísku baráttu á hilluna. Það er skoðun mín, að efnahagslega og pólitíska baráttan verði að fylgjast að. Verkalýðurinn verður að gera sér grein fyrir því, að hann öðlast ekki raunverulegt frelsi fyrr en hann hefur náð framleiðslutækjunum á sitt vald og komið á alræði verkalýðsstéttarinnar. Meðan auðvaldsskipulagið varir erum við ekkert annað en launaþrælar og ófrjálsir menn.

-Hvað viltu segja að lokum ?

-Ég hafði ekki aðstæður til að ganga með 1. maí hér á Selfossi. En ég er viss um það, að næsta ár mun ég ganga undir kröfum KSML ásamt mörgum öðrum selfysskum verkamönnum. Ég vil taka fram að lokum, að ég er alveg sammála stefnu Kommúnistasamtakanna að setja námsstarfið sem höfuðverkefnið í dag fyrir íslenzkan verkalýð. Við uppbygginguna kommúnistaflokksins verður að byrja á grunninum, svo að hann verði þess megnugur að leiða baráttuna fyrir frelsun verkalýðsstéttarinnar undan oki auðvaldsins.

MVS-JG

1. MAÍ 1973 - LYFTISTÖNG FYRIR ALLT GRUNDVALLARSTARF KSML

Í heild var 1. maí 1973 framgangur fyrir pólitík KSML og markaði fyrstu spor í aðskilnaði byltingarhreyfingarinnar frá smáborgaralegu sósíalistunum. Í fyrsta skipti í tugi ára var gengið sjálfstætt undir merkjum kommúnismans og á Selfossi var ganga KSML eina 1. maí gangan í fjölda ár. Á Akureyri þvingaði framvöxtur byltingarhreyfingarinnar verkalýðsfélagið Einingu til að setja á sig skóna og labba 1. maí göngu, eftir að hafa legið aðgerðarlausir á purpurasænginni í 8 ár. Aðgerðir KSML eru tákn um sjálfstæða skipulagningu á byltingarsinnuðum grundvelli í stéttabaráttunni og eru lyftistöng á allt grundvallarstarf samtakanna.

Með 1. maí aðgerðum KSML fékkst dýrmæt reynsla, bæði jákvæð og neikvæð . Jákvæð verður sú reynsla að teljast, sem byltingarhreyfingunni hefur bætzt með 1. maí göngunni á Selfossi, þar sem stéttabaráttan var hörðust og formaðist í hatrömmum fasistaárásum á fámennustu göngu samtakanna. Þrátt fyrir að göngumenn væru illa undir búnir að mæta þessum árásum auðmannabarnanna, sem stjórnað var af fasistum Heimdallar, Sjálfstæðisflokksins og lögreglunnar, með sýslumanninn í fararbroddi fylkingar, þá bendir hún á hið aðkallandi verkefni að skipuleggja varðsveitir fyrir kröfugöngur heins meðvitaða framvarðar verkalýðsins í því skyni að verjast fasískum árásum sem þessum. Þessi reynsla er enn eitt dæmið, sem afhjúpar stéttareðli lögreglunnar sem kúgunartækis borgarastéttarinnar. Hún er einnig ábending um réttmæti þeirrar pólitíkur, sem KSML færir fram og setur hroll í lið andstæðingsins og afhjúpar árásartilhneigingar hans. Það að fasísku árásunum skyldi einnig vera beitt gegn fámennustu göngu KSML, sýnir einnig þá baráttuaðferð stéttarandstæðingsins að ráðast á byltingarhreyfinguna, þar sem hlekkur hennar er veikastur.

Neikvæð verður sú reynsla að teljast, að ekki skyldi vera gengin ganga á grundvelli kommúnismans, þrátt fyrir vel heppnaðan fund, sem haldin var á vegum samtakanna þar. Við hvetjum eindregið alla byltingarsinnaða Neskaupsstaðarbúa að bæta úr þessum vankosti og gera 1. maí 1974 að lyftistöng fyrir kommúnismann á Neskaupsstað.

Borgara- og smáborgarapressan hefur reynt að gera sem minnst úr pólitík KSML vegna fámennis KSML. Að það er ekki stærð samtakanna, sem fær borgara- og smáborgaralegu skríbentana að skrifa um okkur, höfum við alveg ljóst fyrir okkur. Það er hin byltingarsinnaða pólitík okkar, sem þeir óttast. Og við stöndum á grundvelli Stalíns, þegar hann segir:

"Samkvæmt hinni díalektísku aðferð er ekki það mikilvægast, sem virðist í svipinn haldgott, en er þó í rauninni tekið að hrörna, heldur hitt, sem er að skapast og þroskast, þótt það kunni í þann svip að sýnast haldlítið, því að ósigranlegt er það eitt, sem er í nýmyndun og framþróun".

AKUREYRI

Á Akureyri gekk stuðningsdeild KSML um 40-50 manns í Rauðri einingu. Tókst gangan í alla staði mjög vel. Sama er að segja um útifundinn og á meðan á honum stóð, fjölgaði áheyrendum talsvert. Haldin var ræða af einum stuðningsmanni KSML. Í lok fundarins var einróma samþykkt ályktun um stuðning við sænsku kommúnistana í baráttunni gegn kommúnistaofsóknunum í Svíþjóð:

"Til alþjóðardeildar KFML(r)
Kæru félagar !
Okkur hefur borizt frétt um handtöku 5 félaga, að þeir hafi verið handteknir fyrir það að bera vitni gegn hinni fasistisku lögreglu í Svíþjóð og að einn þeirra sitji enn í varðhaldi. Við fordæmum hina fasistisku árás lögreglunnar á einn félaga, sem þeir misþyrmdu 14. maí 1971. Fundurinn lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu ykkar gegn auknum fasisma í Svíþjóð.
NIÐUR MEÐ HEIMSVALDASTEFNUNA
-LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA!
STÉTT GEGN STÉTT ! "

Ganga KSML verður að skoðast, sem stór framgangur fyrir byltingarhreyfinguna á Akureyri. Með þessari göngu skerpti KSML stéttamóthverfurnar á staðnum og þvingaði hið forborgaralega verkalýðsfélag Einingu að ganga einnig í ár, en Eining hefur ekki séð ástæðu til að halda upp á alþjóðlegan dag verkalýðsins í 8 ár! Stuðningsdeild KSML hefur með þessari göngu reist hinn rauða fána á ný og endurvakið hinar hugdjörfu baráttuaðferðir, sem hinr stéttvísu verkamenn á Akureyri voru löngum kunnir fyrir. Við endum frásögnina á lokaorðum ræðunnar, sem flutt var á útifundinum:

"Verkalýðsstéttin þarf ekki að vænta þess að borgaralegar ríkisstjórnir, eins og sú sem nú situr að völdum, muni eða geti nokkurn tíma komið til leiðar raunverulegum kjarabótum fyrir verkalýðinn, hvað þá að þær komi á sósíalísku þjóðskipulagi. Ríkisvaldið er stéttarvald borgaranna og því verður ekki haggað innan frá. Verkalýðsforystan er aðeins hluti af ríkisvaldinu. Flestir æðstu menn verkalýðshreyfingarinnar eru launaðir embættismenn borgaralega ríkisvaldsins og verkalýðsforystan er því algjörlega ófær um að leiða baráttu verkalýðsins gegn höfuðóvininum - borgarastéttinni. Þess vegna þarf verkalýðurinn að sameinast á grundvelli stéttabaráttunnar og mynda kommúnískan byltingarflokk, sem leiða mun baráttuna gegn borgarastéttinni og kollsteypa auðvaldsþjóðfélaginu í nafni alls verkalýðs.
KSML hafa einmitt stofnun kommúnistaflokks á stefnuskrá sinni.

Verkamenn og konur! Skipið ykkur í raðir KSML og takið virkan þátt í byltingarsinnuðu starfi!

Niður með kapítalismann. Lifi sósíalisminn !
Niður með krataforystuna í verkalýðsfélögunum!
Lifi eining verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar! " GS.

REYKJAVÍK

Í Reykjavík hefur ekki verið gengið undir vígorðum kommúnista síðan á dögum KFÍ. Þess vegna markar 1. maí í ár tímamót í sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsstéttarinnar á byltingargrundvelli með göngu KSML. Í ár skildi byltingarsinnaði hlutinn sig í fyrsta skipti síðan á þriðja áratugnum frá smáborgurunum á grundvelli öreigastéttarinnar: stétt gegn stétt.

Gengið var frá Slippnum, í gegnum miðbæinn og útifundur var haldinn á Skólavörðuholti. Þar héldu Gunnar Andrésson, form. miðstjórnar KSML, Gústaf Skúlason form. 1.maínefndar KSML og Hjálmtýr Heiðdal félagi í miðstjórn KSML, ræður. Í ræðunum var lögð áherzla á baráttuna gegn heimsvaldastefnunni, baráttuna gegn hentistefnunni og að tengja verkalýðsstéttina sósíalismanum.

Í göngu KSML voru tæplega 100 manns. Miðað við göngu verkalýðsaðalsins er það ekki stórt, en magnið er ekki það, sem skiptir máli, heldur sú pólitík, sem færð er fram. Meðan verkalýðsaðallinn setti sjálfan sig í öndvegi á Lækjartorgi og Fylkingin skoraði á verkalýðsstéttina að gera þessi stéttsvikaraþý að baráttutæki, skipulagði KSML göngu undir vígorðinu "sjálfstæð skipulagning öreigastéttarinnar á byltingarsinnuðum grundvelli". Því valdataka öreigastéttarinnar og uppbygging sósíalismans verður að vera verk hennar sjálfrar, skipulagðr ar í kommúnistaflokk. Baráttan fyrir þessu verður að vera samtengd baráttunni gegn öllum smáborgaralegum hugmyndum um sambræðslu við verkalýðsaðalinn og þingræðislegu leiðina til sósíalismans. GA

NESKAUPSTAÐUR

1. maí stóð til að haldinn yrði fundur í Egilsbúð af félögum á Neskaupstað. Þar sem Verkalýðsfélag Norðfjarðar, sem venjulega hefur haft salinn á leigu 1. maí hafði nú ekkert við verkalýðinn á Neskaupstað að segja þennan alþjóðlega baráttudag verkalýðsstéttarinnar, ekki einu sinni hið venjulega hjal um stéttasamvinnu, virtist ekkert því til fyrirstöðu að fá annan salinn í húsinu leigðan. En svo var það 30.apríl, að framkvæmdastjóri félagsheimilisins tilkynnti, að ekki gæti orðið af fundinum 1. maí, þar sem bridge-félaginu hefði verið lofað salnum, en aftur á móti væri salurinn laus 2. maí. Því varð úr, að fundurinn var haldinn 2. maí.

Í upphafi fundarins var haldin kynningarræða um KSML; síðan var lesin pólitíska smásagan Rauði fáninn eftir þýzkan rithöfund; þá hélt Sigurður Jón Ólafsson 1. maíræðu fyrir hönd stuðningdeildar KSML á Norðfirði. Sigurður Jón ræddi um Alþýðubandalagið og sagði þá:

" Alþýðubandalagið, sem telur sig vinna að framgangi verkalýðshreyfingarinnar, hefur löngum verið öflugasti stjórnmálaflokkurinn hér í bæ. En hverjir ráða mestu í Alþýðubandalaginu í Neskaupstað? Eru það norfirzkir verkamenn? Er ekki líklegt, að flokkur, sem kennir sig við verkalýðshreyfingu og sósíalisma, sé borinn uppi af verkamönnum? Virðist nokkuð sjálfsagðara? Slíkum spurningum virðist auðsvarað, en allir þeir, sem eitthvað til þekkja, vita gjörla, að helztu talsmenn AB í Neskaupstað eru ýmist kapítalistar eða borgaralegir embættismenn. Þeir, sem ráða hvað mestu í flokknum, eru menn með fína titla eins og bæjarstjóri, skólastjóri, framkvæmdastjóri, formaður í hinni eða þessari stjórninni eða ráðinu o.s.frv. Verkamenn hafa þar lítil sem engin völd og þeir eru í algerum minnihluta á fundum félagsins. Flest mikilvægustu atvinnutæki kaupstaðarins eru í höndum Alþýðubandalagsmanna."


Fundurinn tókst mjög vel í alla staði. Milli 50-60 manns komu á fundinn og voru undirtektir mjög góðar. Sýndi sig þar, að það kommúníska starf, sem fram fór á Norðfirði síðastliðinn vetur, hefur borið ágætan árangur. Samt verður að telja það neikvætt, að ekki skyldi vera farin ganga hér í ár og verður að bæta úr því í framtíðinni. GS.



Ganga KSML á Akureyri



Frá útifundi KSML á Akureyri.





Ganga KSML í Reykjavík.

Gústaf Skúlason járniðnaðarmaður flytur ræðu.



Björn Grímsson heiðurfélagi í KSML



„Fræðileg" sókn Alþýðubandalagsins



Borgaramella

Þann 10. maí s.l. birtist í Bæjarpósti Þjóðviljans fyrirspurn til blaðsins frá "sjómanni". Þar biður hann sína "háþróuðu marxista" í Alþýðubandalaginu að hrista af sér slenið og sópa "fasistaklíkunni" KSML af yfirborði jarðar. Hann taldi hæg heimatökin fyrir "málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis" að draga nú fram smábrot af öllum sínum marxisma og slá til KSML, því eimitt þar lægju þeir vel við höggi.

Þjóðviljinn hefur nú falið einum af trúðum Alþýðubandalagsins þetta verk, Árna Björnssyni að nafni. Fyrsta breiðsíðan hefur nú komið á síðum blaðsins og hefur strax vakið athygli fyrir hversu vel grunduð röksemdarfærslan er.

Við skulum nú taka sýnishorn:

"Ég hélt að allir vissu, að orðið "Mellur" nú á dögum er hljóðlestur úr skammsöfuninni ML, þ.e. Marxlenínistar eða Kommúnistasamtökin-marxleninistarhugsunmaóstsetungs, en svo nefna sig einkum auðborgarabörnin...57 slíkir gengu 1.maí... frá Slippnum upp að Leifi heppna og prédikuðu gegn Gyðingum... Þessi velmeinandi ungmenni virðast engan þekkingargrunn hafa í samfélagsmálum nema síðustu endurskoðanir Marx gamla og Leníns á eigin verkum..." (Þjóðviljinn 17.5. 73, bls.2, HVH)

Þetta er "fræðileg barátta" Alþýðubandalagsins í hnotskurn; lygar um Kommúnistasamtökin og lygar um Marx og Lenín. Helzta "vopn" AB gegn KSML hefur verið lygaáróðurinn um að samtökin samanstandi af "auðmannabörnum".
Þannig gerir AB tilraun til að blekkja verkalýðinn og fá hann til að álíta, að KSML séu eitthvað álíka og Heimdallur, sem eru samtök borgarabarna og verkalýðurinn veit að eru andstæð hagsmunum verkalýðsins.

Hástig "fræðibaráttunnar" hjá Árna er auðvitað orðið Mellur. Þetta "skarpa vopn" hefur hann erft frá Fylkingunn, það voru félagar í þeim félagsskap, sem byrjuðu strax og fyrstu námshóparnir í marxismanum-lenínismanum fóru af stað fyrir u.þ.b. 2 árum að kalla hópana "mellurnar". Síðan, þegar Fylkingin tók til við sitt "námsstarf í marx-lenínisma" féll það niður hjá þeim og birtist nú á ný í sorpblaðinu, sem túlkar skoðanir Alþýðubandalagsins.

Halinn er aftaná!

Alþýðubandalagshalinn, Fylkingin, hefur einnig tekið til við samskonar skrif. Neisti litli fetar dyggilega í fótspor Þjóðviljans, þegar hann skýrir frá 1. maí aðgerðum KSML. :

"...tókst nú í ár aðeins að safna rúmlega 50 manns til að ganga neðan an frá Slipp upp að guðshúsinu á Skólavörðuholti...Aðalinntak ræðanna var árásir á Fylkinguna og RVEI en varla var minnst á stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar né íslenzka borgarastétt." (Neisti, 4.tbl. '73, bls.8)

Við getum ekki stillt okkur um að benda þeim lygagörpum hjá Þjóðviljanum og Neista að fyrir alla muni að samstilla lygarnar um fjölda göngumanna og innihald ræðanna. HVH.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

BARÁTTA UM RÉTTINN...

Kjarninn í landhelgismálinu er sá sannleikur, að það er sókn íslenzku borgaranna eftir hámarksgróða, sem stjórnar aðgerðum þeirra. Áróðursbragðið, sem þeir beita, að hér sé um að ræða tilverurétt þjóðarinnar, verður lítilvægt skoðað í ljósi eftirfarandi staðreynda :

a) Árið 1956-57 jókst útflutningur frá Íslandi úr 700 millj. kr. upp í 1.100 millj. kr. Þetta gerðist áður en fiskveiðilögsagan var færð út 1958.

b) 1967-70 jókst útflutningur SH og SÍS til Bandaríkjanna úr 21.394 tonnum í 57.226 tonn. Þetta gerðist áður en fiskveiðilögsagan var færð út í 50 mílur.

Og hvert gróðinn af þessari aukningu hefur farið er ekki erfitt að sjá - enn í dag verður verkafólk að vinna myrkranna milli til þess að afla lífsnauðsynja, ekki hefur gróðinn lent hjá því. Gróðinn fer beint í hít borgaranna, sem nota hann til þess að treysta enn betur arðránsaðstöðu sína. Sem dæmi má benda á hina miklu stækkun, sem SH hefur framkvæmt á verksmiðju sinni í Pensylvaniu (verksmiðjan þekur nú um 20 km^2 svæði) og að verksmiðja SÍS hefur vaxið um 300% frá stofnun 1966.

Útfærslan, bæði 1958 og 1972, er því eingöngu keppni borgarastéttarinnar eftir auknum gróða og í því kapphlaupi svífast borgararnir einskis, "síldarævintýrið" mun standa sem minnisvarði um það.

Það sem borgararnir kalla "mesta hagsmunamál þjóðarinnar" er því í rauninni engöngu hagsmunamál auðvaldsherranna. Tilvera íslenzku þjóðarinnar veltur ekki á því, hversu mikill gróði þeirra er, það er aðeins tilvera borgarastéttarinnar, sem veltur á gróðanum.

"MEIRI FISK!"

Guðjón B. Ólafsson, framkvæmdarstjóri Sjávarafurðadeildar SÍS, segir í viðtali við Mbl. 8.4. ´73 :

> "að umtalsverðar hækkanir hefðu orðið á fiskinum þar frá áramótum (á Bandaríkjamarkaðinum/ innsk. okkar) ... er nú veiðin hjá okkur allt að því grátlega léleg ...að segja mætti, að framleiðslan hefði alls ekki við eftirspurninni."

Og í sjómannablaðinu Víkingi segir hann :

> "Af því, sem hér veiðist, afla útlendingar um 40% en við 60%. Af þessu sést að okkur veitir ekki af öllum aflanum af okkar miðum."

(Víkingur 11.-12. tbl. ´72, undirstr. okkar)

Það er augljóst, hverjir þessir "við" erum, - og "við" látum "okkur" ekki nægja skitin 60%, nei, 100% skal það vera.
Hér kemur svo framkvæmdasamur borgari úr Alþýðubandalaginu:

> "Hin ástæðan (fyrir útfærslunni/ innsk. okkar) er augljós þörf okkar Íslendinga á því að auka hlutdeild okkar í þeim afla, sem veiða má á miðunum við landið, þar er sem sagt um efnahagslegar ráðstafanir að ræða."

(Lúðvík Jósepsson í Þjóðviljanum 15.7. ´72)

> "Nú stefnir allt að því að vinna fiskinn í fullkomnum hraðfrystihúsum (öll í eigu einokunarhringjanna SH og SÍS/ ath.s. okkar). Slík frystihús þurfa að hafa öruggt hráefni allt árið um kring og helzt sem jafnast að magni og gæðum."
> "6 minni skuttogarar frá Vestfjörðum... eiga ábyggilega eftir að tryggja stóraukna framleiðslu frystihúsanna þar vestra."

(Sami í Þjóðviljanum 8.4. ´73, undirstr. okkar)

STUNDARHAGSMUNIR BORGARASTÉTTARINNAR RÁÐA FERÐINNI.

"Skipulag" framleiðslunnar í auðvaldsþjóðfélagi miðast ekki við þarfir verkalýðsins (sem framleiðir öll verðmætin), nei, það er aðeins kapphlaup borgarastéttarinnar eftir hámarksgróða, sem ræður ferðinni. Þannig er það ekki friðun fiskistofna eða trygging framtíðaratvinnu fyrir verkalýðinn, sem stjórnar gerðunum. Stundarhagsmunir borgarastéttarinnar eru ætíð í fyrirrúmi og þannig er því varið með útfærslu landhelginnar. "Þorskverndararnir" miklu eru í raun og sannleika útrýmingarmeistarar allra náttúruauðlinda eins og dæmin sanna. Kapphlaupið eftir hámarksgróðanum leiðir af sér stjórnleysi í framleiðslunni og við þær aðstæður kemur engin friðun til greina.

Gróðasóknin er ástæðan að baki því, að íslenzku borgararnir leggja út í baráttu við enska og þýzka borgara. Við látum Guðjón B. Ólafsson hjá SÍS lýsa ástandinu :

> "Við hjá Sjávarafurðadeild SÍS höfum átt í erfiðleikum að afla nægilegs hráefnis fyrir verksmiðju okkar í Bandaríkjunum að vinna úr... þetta olli því að við gerðum samninga við fisksölufyrirtæki í Esbjerg... og er ætlunin að við seljum fyrir þá á Bandaríkjamarkaði, því ella hefðum við ekki nóg fyrir sölukerfi okkar."

(Frjáls Verzlun, 3. tbl. ´73)

Í samkeppninni á Bandaríkjamarkaði er mikilvægt að geta tryggt stöðugt framboð af fiski. Borgararnir, sem sjá gróða sínum hætt, seilast um allt eftir fiskinum. En íslenzku borgararnir veiða "aðeins" 60% aflans við Íslandsstrendur og þessi 40% eru einmitt það, sem þá vantar til þess að tryggja og auka gróða sinn.
Baráttan um þorskinn hefst.

VERKALÝÐURINN BORGAR STRÍÐ AUÐVALDSINS MEÐ BLÓÐI SÍNU!

"Þorskastríðið" er stríð um gróðann af rányrkjunni við Íslandsstrendur. Það er barátta milli borgarastétta, milli einokunarhringja Unilever og SH/SÍS.

Hvernig ber öreigunum að snúast við svona stríði? Hver er framsýn afstaða verkalýðsins í málinu?

Í ritgerð sinni : "Um sjálfsákvörðunarrétt þjóða" segir Lenín:

> "Árangursrík barátta gegn arðráninu krefst þess, að öreigarnir séu lausir við þjóðernisstefnu, séu svo að segja fullkomlega hlutlausir í baráttunni um forræði, sem á sér stað milli borgarastétta ýmissa landa. Ef öreigastétt einhverrar þjóðar veitir hinn minnsta stuðning við forréttindi sinnar "eigin" borgarastéttar mun það óhjákvæmilega orsaka vantraust meðal öreiga annarra þjóða ; það mun veikja alþjóðlega stéttarsamstöðu verkalýðsins og sundra honum borgarastéttinni til ánægju."

(Lenín Coll. Works, 20. b., bls. 424)

Og ennfremur :

> "Borgarastéttin setur ætíð fram sínar þjóðlegu kröfur í fyrirrúmið, og gerir svo á eindreginn hátt. Meðal öreigastéttarinnar, samt sem áður, eru þessar kröfu óæðri hagsmunum stéttabaráttunnar."

(Lenín Coll. Works, 20. b., bls. 410)

Hér er mörkuð rétt stefna fyrir öreigana, jafnt íslenzka sem enska ; að láta ekki þjóðernisstefnu ná yfirhöndinni yfir baráttunni gegn kúgurunum í eigin landi. Þetta er stefnan, sem rússnesku öreigarnir fylgdu, er þeir sneru byssunum gegn "eigin" borgurum 1917 og frelsuðu sig undan kúgun og arðráni. Þetta er stefnan, sem íslenzkum og enskum öreigum ber að fylgja nú, þegar þeim er att fram fyrir byssukjaftana í þágu auðvaldsins, sem berst sín á milli um yfirráð.

Afstaða okkar kommúnista í þessu máli kemur fram í eftirfarandi áskorun, sem við beinum jafnt til íslenzkra sem enskra öreiga :

SNÚIÐ BAKI VIÐ ÞJÓÐREMBINGSÁRÓÐRI BORGARANNA! - BEINIÐ BARÁTTUNNI GEGN ORSÖKUM ÓFRIÐARINS - BERJIST GEGN BORGURUNUM Í EIGIN LANDI!

BINDIZT BRÆÐRABÖNDUM OG STANDIÐ SAMAN Í BARÁTTUNNI FYRIR FRELSUN VERKALÝÐSINS UNDAN KÚGUN AUÐVALDSINS!

LENGI LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA!

Afstaða Fylkingarinnar í landhelgismálinu:

STYÐJUM AUÐVALDIÐ!

Fylkingin baráttusamtök "sósíalista" hefur tekið skilyrðislausa afstöðu með borgarastéttinni í útfærslu landhelginnar. Hún hefur verið ötul í að villa um fyrir öreigunum með kjaftæði um þjóðareiningu, hagsmuni allrar þjóðarinnar, verndun fiskistofnanna og svo framvegis, þ.e. Fylkingin hefur fært út pólitík þjóðrembingssósíalista, en það er einmitt sú pólitík sem Fylkingin er málsvari fyrir. Þjóðrembingssósíalisminn er borgaraleg pólitík og þjónar þannig borgarastéttinni en ekki öreigastéttinni.

Fylkingin segir að íslenzkur verkalýður eigi í landhelgismálinu sameiginlegra hagsmuna að gæta með hluta borgarastéttarinnar, hinum þjóðlegu borgurum. Þjóðlegir borgarar eru því miður fyrir fylkingarfræðimennina ekki til á Íslandi, þar sem þjóðlegir borgarar eru aðeins til á tíma frjálsrar samkeppni. Sá tími er nú löngu liðinn en tími einokunarinnar kominn. Þá eru það einokunarkapitalistar og ekki-einokunarkapitalistar sem mynda borgarastéttina. Þjóðareining og sameiginlegir hagsmunir öreiga og hluta borgaranna er ekki til á tíma einokunarkapitalismans, heimsvaldastefnunnar. Fylkingin lifir því í draumaheimi smáborgarans, er afturhaldssöm. Lenín komst svo að orði um baráttu öreiganna á tíma heimsvaldastefnunnar:

> "Launavinnmaðurinn verður við allar aðstæður arðránsfyrirbæri, og árangursrík barátta gegn arðráninu krefst þess að öreigarnir standi frjálsir gagnvart þjóðernisstefnunni, að öreigarnir séu svo að segja fullkomlega hlutlausir milli borgarastétta hinna ýmsu þjóða um forræðið. Hinn minnsti stuðningur af hálfu öreiga, hvaða þjóð sem þeir tilheyra, við sérréttindi "sinnar eigin" borgarastéttar kemur óhjákvæmilega til með að framkalla vantraust öreiga annarra þjóða, veikja alþjóðlega stéttarsamstöðu verkamanna og sundra þeim til ánægju fyrir borgarastéttina".

Hvernig samrýmast þessi orð skrifum "fræði"-garpanna í Fylkingunni? Hér má sjá á hvaða stigi þekking þeirra er á fræðikenningu öreiganna, vísindalega sósíalismanum. Ari Trausti, eitt aðaltromp Fylkingarinnar á fræðilega sviðinu seigir í Neista, 6. tbl. ´72 (KSML og landhelgismálið.):

> "Á að beina spjótum að innlendu auðvaldi í þessu tilviki eða því erlenda? Svarið ætti að vera: Enda þót íslenzk öreigastétt hafi ekki mestan hagnað af útfærslunni á þessu stigi baráttunnar, heldur íslenzk borgarastétt, er vænlegra að eiga eingöngu í höggi við hana, en stórevrópska einokunarauðvaldið, í baráttunni fyrir yfirráðum yfir auðlindum Íslands á síðari stigum byltingarsinnaðrar baráttu. Þess vegna beinum við spjótum okkar út yfir landsteinana og styðjum borgaralega ríkisstjórn, í þessu afmarkaða máli".

Lesendur geta sjálfir borið saman pólitík Ara og orð Leníns, en við viljum að auki benda á nokkur atriði.

Ari byggir þá skoðun sína, að öreigarnir hafi einhvern hagnað af útfærslunni, á því að um verndun fiskistofnanna verði að ræða eftir útfærsluna, samanber:

> "Auk þess eru tækifæri til verndunar fiskistofna betri eftir útfærsluna".

Við höfum sýnt fram á að ekki getur verið um neinar friðunarráðstafanir að ræða af hálfu auðvaldsins og þar með að öreigarnir hafa engan hagnað af útfærslunni.

Höfuðmóthverfan á Íslandi í dag er stétt gegn stétt og þess vegna ber kommúnistum að leggja höfuðáherzlu á baráttuna gegn borgarastéttinni, en ekki "styðja borgaralega ríkisstjórn" í einu eða neinu. Ari Trausti segir í raun og veru: Gleymum höfuðmóthverfunni, geymum baráttuna gegn borgarastéttinni þar til seinna. Núna er rétt að berjast eins og að höfuðmóthverfan sé milli heimsvaldastefnunnar og íslenzku þjóðarinnar, eins og Íslendingar séu kúguð þjóð. Og vígorðið verður: Stétt með stétt, berjumst gegn erlendu auðvaldi í baráttu þess við innlent auðvald. - Þetta er það sem kallað er að predika stéttasamvinnu.

Ari talar um að vænlegra sé að eiga eingöngu í höggi við íslenzka borgarastétt en stórevrópska einokunarauðvaldið, og seinna í greininn fer hann út í gæðamat á borgarastéttum og segir:

> "Af tvennu illu eru greipar íslenzkrar borgarastéttar betri".

Hér er vaðið í moðreyk og lítið hugsað um annað en að blekkja öreigana með því að telja þeim trú um að betra sé að láta Íslending arðræna sig, en útlending. Þessar röksemdir eru algjörlega út í bláinn og ætlað að leiða hug verkalýðsins frá kjarna málsins.

"...í þessu afmarkaða máli". Þessi fjögur orð eru dæmigerð og afhjúpandi fyrir alla pólitík Þjóð-Ara. Í stað þess að líta á hlutina í samhengi, kýs Ari að greina þá sundur og líta á þá einangraða hver frá öðrum. Þetta er ekki aðferð marxista, heldur borgaralegra heimsspekinga og þjóðrembingssósíalista á borð við Bernand Shaw o.fl. Aðferð marxista er að sjá hlutina í samhengi, skoða þá með tilliti til hvers annars og komast þannig að inntaki þeirra. Þetta er Fylkingarprelátunum fyrirmunað og þess vegna fer sem fer, þeir taka afstöðu með borgarastéttinni.

Að lokum er rétt að gefa lesendum tvö dæmi til viðbótar um pólitík Fylkingarinnar, sem fróðlegt er fyrir þá að bera saman við orð Lenín, sem áður var vitnað í. Og þá koma hér tvö "gullkorn" úr ótæmandi kistu þjóðrembingssósíalistans Ara:

> "...hlutleysi er afstaða sem kommúnistar forðast að taka, enda illgeranlegt í stórmálum". (???)
> "...þeir" (KSML) "gleyma þætti þjóðlegrar baráttu í stéttabaráttunni". (???)

ÁÁ

„Alþjóðahyggja" smáborgaranna í verki

Í Noregi og Svíþjóð voru á síðastliðnu ári stofnaðir tveir flokkar, sem kenna sig við kommúnisma. Þeir heita Arbeidernes kommunistiske parti marxister-leninister (AKP m-l) í Noregi og Sveriges kommunistiske parti (SKP) í Svíþjóð.
Þessir tveir "flokkar" mynda, ásamt Fylkingunni hér heima, hið heilaga þrístirni smáborgaralegrar pólitíkur á Norðurlöndum. Sambönd þessara bræðrasamtaka eru mikil, m.a. hefur AKP "m-l" (hét áður SUF m-l) staðið fyrir rógi um KFML(r) (sjá grein á bls. 3) í Svíþjóð, hér á Íslandi með aðstoð Fylkingarinnar. En KFML(r) hefur einmitt molað sundur allar smáborgarakenningar S"K"P (áður KFML(s)) og afhjúpað þá í hverri spurningunni á fætur annari.
Tilefnið fyrir rógsherferð smáborgaranna hér var stofnun KSML í fyrra, en einmitt KSML og KFML(r) (ásamt Kommunistiskt Arbeiderforbund í Noregi) eru þau samtök, sem hafa barizt þrotlaust gegn smáborgaralegri pólitík þessara "mannvina", sem kenna sig við sósíalismann. Sem dæmi um hvernig stefna þessara "national-sosialista" birtist í raunveruleikanum, skulum við líta á afstöðu þeirra í landhelgismálinu (afstaða Fylkingarinnar kemur fram í annari grein á þessari síðu).
Í blaði AKP "m-l" kom nýlega grein, sem lýsti yfir fullum stuðningi við baráttu íslenzku borgaranna um rányrkjuréttindin. Í greininni er upphrópun um, að "Ísland verði að fá allan þann stuðning, sem unnt er að veita" og er hvatt til þess að safna í varðskip handa "Íslendingum". Smáborgararnir eru hér að hefja aðgerð til stuðnings íslenzka ríkisvaldinu; þeir leggja fram fé til þess að íslenzka borgarastéttin geti styrkt kúgunartæki sitt. Þetta má sannarlega kalla "alþjóðahyggju" í verki!!!
Hvernig skyldi bræðrasamtökunum, Fylkingunni líka þetta?
Þeir eru nýlega farnir að tala um byltingu o.s.frv. en vinna að því að efla íslenzka auðvaldið með ráðum og dáð.
Borgarastéttin mun beita öllum sínum mætti, þ.á.m. lögreglu og þeim vísi að her, sem landhelgisgæzlan er, gegn baráttu öreigastéttarinnar. Líklega munu smáborgararnir hér heima endurgjalda greiðann og senda fé til styrktar norska hernum, því ekki virðast þeir haldnir neinum hömlum í stéttasamvinnu sinni eins og sjá má á afstöðu þeirra í landhelgismálinu. HVH

FRANKRIKE
BELGIA
ENGLAND
SPANIA
TYSKLAND
redd fiske-bestanden i n.atlanteren
50
AKSJON KYST-NORGE

BJARGIÐ ÞORSKNUM !
Veggspjaldið, sem við birtum myndina af, er gefið út af samtökum smáborgaralegra sósíalista, sem starfa í Noregi. Þeir setja fram kröfuna um 50 mílna landhelgi við Noreg og þykjast ætla að stuðla að björgun þorsksins í N-Atlantshafinu. Og hvað sýnir veggspjaldið? Það sýnir rányrkjuklær Spánar, Belgíu, Frakklands, Englands og Þýzkalands. Vantar ekki einhver lönd á listann?? Jú, það vantar klærnar á norska auðvaldinu.
Norsku smáborgararnir leika sama leik og Fylkingin, taka afstöðu með borgarastéttinni í eigin landi. AKP "m-l" er meðal þeirra samtaka, sem standa á þessu "þorska"stigi í pólitíkinni. AKP "m-l", S"K"P og Fylkingin eru sannkallaðir "þorskhausar", þykjast vera sósíalistar en eru í raun þjóðrembingssinnar.

Skrifið i STÉTTABARÁTTUNA

Til þess að gera blaðið meira lifandi og alhliða beinum við þeirri áskorun til lesenda blaðsins, að þeir sendi Stéttabaráttunni greinar, fréttir, athugasemdir o.þ.h. úr hinni daglegu stéttabaráttu til birtingar í Stéttabaráttunni.
Stuttar frásagnir, jafnvel fáeinar línur, þar sem komið er að kjarna málsins, geta haft jafn mikið gildi og fræðileg útlistun á viðfangsefninu.

Einnig skorum við eindregið á lesendur blaðsins að senda gagnrýni á Stéttabaráttuna og tillögur um betri tilhögun og efni blaðsins.
Skrifið til: Stéttabaráttan, Pósthólf 1357, Rvk.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

VERNDUN FISKIMIÐA ÓHUGSANDI...

Þegar auðvaldsframleiðslan þróast gerist það, að öll framleiðslutæki verða sífellt fullkomnari og afkastameiri. Þeir kapítalistar, sem ekki ætla að falla úr stöðu sinni verða stöðugt að endurnýja vélakost sinn, annars myndu þeir fljótlega verða slegnir út af þeim, sem betur hagnýta sér tækniþróunina. Við þessar aðstæður vex sá hluti fjármagnsins, sem verja verður til kaupa á vélum og það fjármagn, sem er varið til kaupa á vinnuafli, minnkar hlutfallslega.

Nú er því svo varið, að vélar, sem standa einar sér, skapa kapítalistunum engan gróða, þar verður vinnuafl verkalýðsins að koma til, því það er aðeins vinnuaflið, sem getur skapað gildisauka (sem kapítalistinn hirðir).

Íslenzka auðvaldið er auðvitað ekkert frábrugðið auðvaldi annarra landa í grundvallaratriðum og því gildir þetta lögmál auðvaldsframleiðslunnar hér. Við getum séð, hvernig fara myndi fyrir útgerðarmanni, sem ekki endurnýjaði skipakost sinn, hann myndi ekki geta staðizt þeim snúning, sem væru komnir með fullkomnustu skip búnum nýjustu veiðitækjum, í miskunnarlausa kapphlaupinu eftir hámarksgróða yrði hann undir og liði undir lok sem útgerðarmaður.

Ef við lítum síðan á borgarastéttina sem heild, þá sjáum við að sterkasti hluti hennar byggir tilveru sína á rányrkju fiskistofna og arðráni á öreigum til lands og sjós. Og hún á í grimmu kapphlaupi við erlendar borgarastéttir og til þess að verða ekki undir í baráttunni um markaðina, þá verður hún að endurnýja tækja- og vélakostinn, kaupa ný skip, byggja ný og fullkomnari frystihús o.s.frv.
Stöðugt stærri fjárfúlgum er varið til kaupa á framleiðslutækjum.
Karl Marx lýsti þessu svo í Kommúnistaávarpinu fyrir 125 árum:

"Framleiðsluhættir, eignarréttur og allt skipulag borgarastéttarinnar með öllum sínum stórkostlegu framleiðslu- og samgöngutækjum eru eins og galdramaðurinn, sem ekki réð lengur við andana, sem hann hafði sært fram."
"Einkenni borgaralega tímabilsins eru því sífelldar gerbreytingar á framleiðslusviðinu, og ævarandi ókyrrð og óvissa í athafnalífinu."
Það gefst enginn friður fyrir borgarana, um leið og þeir voru búnir að ofveiða síldina, fylla alla markaði af síldarmjöli þannig að verðið féll úr öllu valdi, þá urðu þeir að söðla um - endurreisa eða byggja frá grunni frystihús við hliðina á síldarverksmiðjunum, sem sumar hverjar höfðu aldrei orðið svo frægar að fá síld til vinnslu.
Skuttogararnir eru keyptir í "hvelli", en þeim er ætlað að a.m.k. tvöfalda aflamagnið:

"Á s.l. ári var afli gömlu togaranna 2300-2800 tonn. ...Á sama tíma var afli tveggja lítilla skuttogara, sem gerðir voru út frá Neskaupstað og Eskifirði ...3300 tonn, hjá hvorum."
(Lúðvík Jósepsson í Sjómannadagsblaðinu 1973.)

En gömlu togararnir voru aðeins 17 árið 1972, en þeir nýju verða 47.

Og hvernig fer fyrir togurum, sem vegna "vísindalegrar verndunar" hráefnisins mega ekki fara og veiða það, sem til þarf, svo að útgerðin beri sig?

Sannleikurinn er sá, að fjárfestingin er gerð í þeim tilgangi að auka gróða einokunarauðvaldsins, sem rekur fiskréttaverksmiðjurnar í Bandaríkjunum. Lúðvík hefur sagt þetta beinum orðum í Þjóðviljanum (sjá greinina "Barátta um réttinn til rányrkju") og hann þekkir vel til vandans, þar sem hann er sjálfur útgerðarmaður.
Og ef bannað yrði að veiða fisk í nægilegu magni, það væri það sama og að dæma SÍS og SH úr leik í baráttunni um Bandaríkjamarkað og við getum rétt ímyndað okkur hvort nokkuð slíkt gerist. Skemmst er að minnast hvernig frumvarpið um "fiskvernd" innan 50 mílanna var svæft á þingi.

Nei, auðvitað verður fiskurinn eltur uppi hvar sem í hann næst og líklega mun það einmitt gerast með dyggri aðstoð rannsóknaskipanna, sem sigla um eins og njósnarar og þefa uppi fiskinn til þess að benda skipunum á, hvar hann sé að finna.

Eflaust eru margir haldnir þeirri hugmynd, að "útgerðarmennirnir geti ekki verið svo vitlausir að veiða allan fiskinn og kippa þannig undan sér fótunum". En auðvaldið er þannig, að líkja má því við mann, sem situr á trjágrein og sagar hana af við trjástofninn. Hann fellur - líkt og auðvaldið, en það fellur í djúpar kreppur með mislöngum millibilum vegna þess að það er stjórnlaust. Auðvaldið verður að "saga og saga", engar skynsamlegar yfirveganir koma til greina, á meðan málið væri hugsað þá væri keppinauturinn búinn að hirða alla gróðamöguleika af þeim, sem "settist niður við að hugsa".

Hugsun kapítalistanna snýst um hámarksgróða og þess vegna fjárfesta þeir í nýrri og betri tækjum - nýju tækin eru dýrari en þau gömlu og ekkert pláss er til fyrir "skynsamlega" notkun þeirra. Þau eru keypt í þeim tilgangi að skapa aukinn gróða og þess vegna verða þau að vera afkastameiri en þau gömlu, saga íslenzka fiskiskipaflotans er glöggt dæmi um þessa þróun.

"VÍSINDALEG" RÁNYRKJA EINOKUNARAUÐVALDSINS.

Einar "ríki" Guðfinnsson á Bolungarvík hefur viðurkennt beinum orðum, að útgerð hlítir stjórnleysislögmálum auðvaldsframleiðslunnar:

> "Ég tel að erfitt sé að hafa alla þá fyrirhyggju í útgerð, sem hefði komið í veg fyrir þá meðferð mála sem menn geta eftirá dæmt ranga."
> (Frjáls Verzlun, 3. tbl. '73)

Fyrirhyggjuleysið hefur líka verið staðfest aftur og aftur, velþekkt er hvernig "síldarævintýrið" var rekið, þar til að kreppa skall á sökum offramleiðslu síldarmjöls.
Í dag er það humarinn við landið, sem er verið að ofveiða í samráði við fiskifræðinga.

Humar er með verðmætustu sjávarafurðum, sem framleiddar eru. Meðalverð pr. tonn af frystum humar var 1970 og '71 um 340.000.00 kr. og fer stöðugt hækkandi. Það er því ekkert einkennilegt, að útgerðarauðvaldið sækist eftir að stunda þessar veiðar og noti til þess stöðugt stærri skip með stærri botnvörpum.
Þetta hefur leitt til algjörrar rányrkju á humri, þar sem hver tekur inn eins og hann getur í stjórnlausu kapphlaupi um gróðann.

Einhverjir kynnu að segja, að það sé mjög "strangt" "vísindalegt" eftirlit með veiðunum og því til "sönnunar" benda menn á, að skipstjórunum sé skylt að skila skýrslum um veiðarnar hálfsmánaðarlega inn til Fiskifélagsins. Þetta er rétt, en niðurstöðurnar eru ekki á nokkurn hátt notaðar til að koma í veg fyrir rányrkju eins og sést, ef litið er á hvernig þróunin á humarveiðunum hefur verið.

1960-1963 var afli humarbáta allt upp í 88 kg á togtímann. Nú er aflinn á togtímann 36 kg, þrátt fyrir að nú eru bátarnir mun stærri og afkastameiri. 1965 voru aðallega notaðir 80-100 tonna bátar, en nú eru það aðallega 150-200 tonna bátar, sem stunda humarveiðarnar.
Þessir stóru bátar, sem nú stunda veiðarnar, geta notað mun meiri hraða á togtímann auk þess sem þeir hafa mun stærri troll, og mætti líkja því saman við litla traktorsgröfu og stóra skurðgröfu miðað við afkastagetu.
Þrátt fyrir geysilega framþróun í veiðitækni fer aflinn stöðugt minnkandi, ekki bara hvað magn snertir, heldur hefur drápið á hreinu ungviði nú tekið við.

Árið 1965 var um 50% aflans 30 gr. humarhalar, sem er lágmarkið fyrir 1. flokk, en í dag er meðalþyngd humarhala 10-11 gr. og auðvaldið hefur orðið að breyta reglunum um það hvað dæmist í 1. flokk.

Samfara minnkandi humarafla hefur það farið í vöxt, að bátarnir veiði annan fisk en humar. Síðustu árin hefur annar fiskur í afla humarbátanna verið 50-80% og fer það hlutfall stöðugt hækkandi, t.d. eru dæmi um að 95% aflans hafi verið annar fiskur.
Íslenzka auðvaldið deilir á erlenda útgerðarkapítalista fyrir rányrkju, en hverjar eru aðferðir þeirra sjálfra?

Í sumar hafa um 200 bátar verið að humarveiðum við Suðurlandið. Þetta eru engin smáskip og nota botnvörpu eins og togarar nema að hún hefur miklu minni möskvastærð, þannig að það sleppur ekkert kvikindi í gegn. Vegna þess hve mjölverðið er hátt borgar sig fyrir þessa gervihumarbáta að stunda þessar trollveiðar, þar sem ekki er aðallega sótzt eftir humri, heldur líka smáfiski og ókynþroska fiski, sama fiskinum og Bretar og Þjóðverjar veiða og með sömu veiðarfærum, síldarnót inn í trollinu.

Þetta eru "vísindalegar" veiðar, þar sem ekkert skortir á nákvæma skýrslugerð og fagrar yfirlýsingar um að mögulegt sé að friða fiskistofnana með vísindalegum veiðiskap.
En verkin hafa sannað hversu fáranlegt og algjörlega slitið úr tengslum við raunveruleikann slíkt hjal er. Rányrkja og algjört stjórnleysi í framleiðslunni er eina "friðunin" og "verndunin", sem auðvaldið hefur fram að færa í óseðjandi gróðafíkn sinni. Þetta sanna dæmin um síldina, humarinn, þorskinn o.fl.
Enda má segja, að það að ætlast til þess að kapítalistarnir láti af rányrkjunni í gróðaleitinni væri sama og krefjast þess, að þeir hættu að draga andann og það gerist ekki fyrr en í sósíalismanum.

Þess vegna er krafa af hálfu öreigastéttarinnar á hendur borgurunum um að þeir stöðvi rányrkjuna út í hött.
Aðeins baráttan fyrir niðurrifi auðvaldsþjóðfélagsins og uppbyggingu sósíalismans felur í sér raunverulega hagsmuni öreigastéttarinnar.

HH. GA.

STÉTT GEGN STÉTT

Afstaða Kína til EBE

Upp á síðkastið hefur því verið haldið fram, að Kínverska Alþýðulýðveldið styðji Efnahagsbandalagið (EBE). "Sannir sósíalistar" Alþýðubandalagsins og Fylkingarinnar, sem og borgarapressan í heild, hafa fyllzt vandlætingu yfir þessum "svikum" Kínverjanna. Þó er ekki laust við að hlakki í þeim sömu aðilum, þegar þeir þykjast finna þarna dæmi um hentistefnu- og sérhagsmunapólitík Kína.

En, því miður fyrir þessa "verjendur marxismans", þá ætlum við að anda á spilaborgina, og viti menn, hún hrynur!

Við skulum líta á, hvað Kínverjarnir segja um EBE. Kínverska fréttastofan Hsinhua lét eftirfarandi frá sér fara þ. 27.1.'72:

> "Efnahagsbandalagið, sem var stofnað árið 1957, hefur verið notað af vestur-evrópska einokunarauðvaldinu, ekki aðeins til þess að auka arðránið á launafólki, heldur einnig til þess að styrkja stöðu þess í samkeppninni við USA."

Og um inngöngu Englands í EBE sagði Hsinhua þ. 1.11. '71:

> "Pólitík íhaldsstjórnarinnar endurspeglar aukna tilhneigingu til að hverfa frá USA. Hún endurspeglar einnig þá staðreynd, að brezka einokunarauðvaldið reynir að finna undankomuleið frá stöðugri hnignun fjármála- og efnahagslífsins heima fyrir, með því að taka þátt í Efnahagsbandalaginu, þannig að það geti aukið arðrán sitt á verkalýðnum."

Og í Peking Review nr. 27, 1971:

> "Sem afleiðing af lögmálinu um ójafna þróun heimsvaldalandanna hefur V-Evrópulöndunum vaxið ásmegin hlutfallslega. Í bili hefur EBE farið fram úr USA hvað snertir hraða iðnaðarvaxtarins (störrelsen af den industrielle vækstrate), utanríkisviðskipti og gull- og gjaldeyrisvarasjóði. Þess vegna hafa þessi lönd verið æ tregari til að þola stjórnun og íhlutun bandarísku heimsvaldasinnanna."

Kína metur EBE hárrétt, eins og hér sést: nefnilega sem vísi að heimsvaldasinnaðri ríkjasamsteypu, sem fyrst og fremst er beint gegn hinni aðkrepptu bandarísku heimsvaldastefnu.

Kommúnistaflokkur Kína (KFK) gengur út frá því, að aukin eining heimsvaldalandanna í V.-Evrópu verði m.a. til þess að breyta valdahlutföllunum milli þeirra og USA-heimsvaldastefnunnar. Sömuleiðis að þessi þróun veikir fyrst og fremst USA, sem hefur verið leiðandi heimsvaldastórveldi síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Og það getur aðeins verið kúguðu þjóðunum í hag, að bandaríska heimsvaldastefnan veikist, getur aðeins orðið til að styrkja frelsisbaráttu kúguðu þjóðanna. Það þýðir engan veginn stuðning við EBE að ganga út frá þessari þróun, "sem afleiðingu af lögmálinu um ójafna þróun heimsvaldalandanna". Kínverjar bera enga ábyrgð á þessari þróun. En þeir bera sem sósíalísk þjóð ábyrgð á því að framfylgja pólitík, sem veikir stórveldið USA mest sem má - einnig á því að notfæra sér mótsetningarnar milli heimsvaldasamsteypanna. Þess vegna sjáum við að Kínverjar hafa t.d. styrkt tengslin við auðvaldslandið Frakkland, sem er andstætt Bandaríkjunum.

Kínverjar notfæra sér mótsetningarnar í herbúðum óvinanna, styrkja sambönd sín við lönd, sem berjast gegn drottnun "stórveldanna" (USA og Sovétríkjanna). Þetta þýðir auðvitað ekki, að Kína ráðleggi öreigastéttinni og kúguðu þjóðunum að nota taktískar meginreglur í utanríkispólitík Kína sem leiðarvísi í þjóðlegri baráttu þeirra.

Eftir seinni heimsstyrjöldina, þegar Sovétríkin gerðu nokkra málamiðlunarsamningar við USA, England og Frakkland, sagði Maó Tsetung:

> "Slíkir málamiðlunarsamningar krefjast þess ekki, að alþýðan í löndum auðvaldsheimsins fylgi fordæminu og gangi til samninga (við borgarastéttina) í eigin landi. Alþýðan í þessum löndum verður að halda áfram hinum mismunandi baráttuformum, sem samrýmast hinum mismunandi aðstæðum."

Þetta var gott ráð. En ráð, sem flestir kommúnistaflokkar Evrópu fylgdu því miður ekki.

Mótsetningarnar milli heimsvaldalandanna hafa skerpzt á síðustu árum. Síðasta gjaldeyriskreppan, sem snerist upp í viðskiptastríð milli USA og EBE, er greinilegt merki um þetta. Kommúnistaflokkur Kína hefur alltaf haldið því fram, að þetta auki stríðshættuna. Í umræðunum miklu milli KFK og endurskoðunarsinnuðu Moskvuflokkanna gekk KFK m.a. út frá þessu:

> "Heimsvaldastyrjöld er áframhald af þeirri pólitík, sem heimsvaldasinnarnir framfylgja á friðartímum, og heimsvaldafriður er áframhald af friðarpólitík heimsvaldastefnunnar. Borgaralegu friðarsinnarnir og hentistefnumennirnir hafa alltaf neitað þessu."

Gegn þessu stöðu endurskoðunarsinnarnir, sem skilgreindu stríðið sem "náttúruhamfarir" og "örlagarík mistök", og sem fullyrtu, að "friðsamleg sambúð væri almenn aðferð fyrir utanríkispólitík Sovétríkjanna og landa hinna sósíalísku herbúða" (Krústsjoff 1961) - þeir héldu fram hinni friðsamlegu og þingræðislegu leið til sósíalismans í heimsvaldalöndunum.

Gegn þessu gekk KFK út frá því, að mótsetningarnar milli heimsvaldalandanna myndu alltaf leiða til stríðs, ef verkalýður hvers einstaks lands reiðir sig ekki á eigið afl og framkvæmir sósíalísku byltinguna.
Maó Tsetung sagði:

> "Með tilliti til spurningarinnar um heimsstyrjöld eru aðeins tveir möguleikar fyrir hendi. Sá fyrri er, að styrjöldin verði hvati á byltingu, og sá síðari er, að byltingin komi í veg fyrir styrjöldina."

Því má ekki vanmeta þýðingu þess að fresta óhjákvæmilegu stríði í þeim tilgangi að gera byltingaröflunum fært að eflast.

Eru byltingaröflin í dag nægilega öflug til að hindra nýtt heimsvaldastríð með byltingu? Eða eru þau nógu sterk til að snúa heimsvaldastyrjöld upp í sósíalíska byltingu? Það þarf aðeins að varpa spurningunum fram áður en svarið liggur í augum uppi.

Friðarpólitík Kínverja á að skilja með hliðsjón af þessu, og með hliðsjón af þessu eigum við að berjast gegn þeim öflum, sem rangtúlka og ljúga til um hana.
(Þýtt og endursagt úr "Arbejderbladet", ÓHS.)



GRÓÐAFÍKNIN ÓÞRJÓTANDI!

Gróðafíkn auðvaldsins er óþrjótandi.
Ekki hafa þeir fyrr fært einokunarsvæði sitt út í 50 mílur en krafan er 200 mílur.
Undir yfirskini friðunar fiskimiða sölsa þeir undir sig æ stærri fiskisvæði í baráttu við auðvald Bretlands og Þýzkalands.
Rétturinn til að rányrkja fiskimiðin skal verða íslenzku borgaranna einna! Einokunarhringirnir SH og SÍS hafa staðið í fararbroddi fyrir útfærslunni. Það hafa verkalýðssvikararnir í Alþýðubandalaginu ætíð reynt að dylja og haldið uppi látlausum áróðri um "þjóðarhagsmuni" og nauðsyn samvinnu milli stéttanna. Smáborgaralegu sósíalistarnir hafa jafnvel gengið fram fyrir skjöldu með 200 mílna kröfuna.

Þessi þjóðernisáróður endurskoðunarsinnanna hefur haft þann tilgang einan að dylja fyrir verkalýðnum hina raunverulegu stéttarhagsmuni, sem liggja að baki útfærslunni.
Þessi lygaáróður afhjúpaðist þó algjörlega nýlega, er stærstu einokunarkapítalistarnir lögðu fram kröfu um útvíkkun fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Forsvarsmenn einokunarhringjanna SH og SÍS samfylktu á fund ríkisstjórnar sinnar og lögðu fram áætlun um stærra einokunarsvæði og aukinn gróða, sem ríkisvald borgaranna hefur tekið fagnandi undir.
Þar með hefur verkalýðurinn það svart á hvítu hverjar eru hinar raunverulegu drifigjaðrir að baki útfærslunni og hverra hagsmunun ríkisstjórnin þjónar.

Niður með heimsvaldastefnuna!

Í maí síðastliðnum komu þeir Nixon og Pompidou hér saman á Íslandi og héldu með sér fund. Nixon kom sem fulltrúi bandarísku heimsvaldastefnunnar og Pompidou, sem fulltrúi evrópskrar heimsvaldastefnu, því að Frakkland lítur á sig sem leiðandi ríki í EBE.

Tilgangur fundarins var meðal annars sá, að ræða um heimskreppuna sem auðvaldið siglir nú hraðbyri inn í og dýpkar stöðugt. Hin svokallaða "dollarakreppa" er aðeins eitt af alvarlegum einkennum kreppunnar. Heimsvaldasinnarnir halda í dag fundi til að koma í "veg" fyrir algjört hrun. En móthverfan milli heimsvaldalandanna dýpkar stöðugt og líkurnar á nýju uppskiptastríði aukast, en stríð er beint framhald af pólitík auðvaldsins. Eina leið öreigstéttarinnar í heimsvaldalöndunum til að koma í veg fyrir hana, er að kollsteypa borgarastéttinni, með baráttu stétt gegn stétt.



Mótmælastaða KSML á Miklatúni 31. maí. Í mótmælastöðunni voru sungnir alþjóðasöngvar verkalýðsins og hrópuð vígorð gegn heimsvaldastefnunni

Mótmælaaðgerðir KSML gegn heimsvaldasinnunum Nixon og Pompidou voru í formi göngu, útifundar, mótmælastöðu, tveggja dreifibréfa og einnig var farið með mótmælyfirlýsingu á nokkra vinnustaði. Meðal annarra skrifuðu undir hana 22 verkamenn í Héðni, 14 í Mjólkurbúi Flóamanna, einnig skrifuðu verkafólk undir hjá Rafmagnsv. R.víkur og Sláturfélagi Suðurlands. Yfirlýsingin hljóðaði svo:

"Við undirritaðir verkamenn lýsum yfir megnasta hatri okkar og andstöðu gegn árásarstríði bandarísku heimsvaldasinnanna á alþýðu Indókína. Samtímis því, sem við fögnum sigri stéttarbræðra okkar í Víetnam, sem er lýsandi dæmi í baráttu kúgaðra þjóða gegn heimsvaldastefnunni, þá krefjumst við þess að USA hætti tafarlaust brjálæðislegu þjóðarmorði sínu í Indókína.

Heimsvaldastefnan fæðir af sér styrjaldir og styrjaldir munu ætíð vera til á meðan heimsvaldastefnan er til. Því verður aðeins komið í veg fyrir nýtt uppskiptastrið með því, að verkamenn og kúgaðar þjóðir sameinizt í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni og útrými henni. NATO er eitt af hernaðarbandalögum heimsvaldasinna og við krefjumst, að Ísland gangi úr NATO tafarlaust.

Fundur Nixons og Pompidou í Reykjavík er einn liður í undirbúningi að nýju uppskipta stríði.

Þetta sýnir svo ekki verður um villst, að íslenzka borgarastéttin er fulltrúi heimsvaldastefnunnar og sömuleiðis þjónn hennar "alþýðustjórnin".

Íslenzka borgarastéttin byggir alla sína afkomu á arðráni og kúgun á íslenzkri verkalýðsstétt. Þeir eru fulltrúar fyrir sama arðránskerfi og það, sem leiðir af sér árásarstríðið í Indókína. Mikilvægasti þátturinn í baráttu íslenzkra öreiga gegn heimsvaldastefnunni er því barátta gegn "eigin" borgarastétt. Með því gerum við skyldu okkar við öreiga og kúgaða alþýðu heimsins.

Við hvetjum eindregið alla aðra verkamenn að fylgja fordæmi okkar og sýna samstöðu í baráttu okkar gegn heimsvaldastefnunni. Verkamenn, félagar: Sameinumst með öreigum og kúgaðri alþýðu alls heimsins í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni. Fram fyrir byltingarsinnaðri samstöðuhreyfingu á íslandi.

STÉTT GEGN STÉTT." GA. HH.



Icelandic protest:
The Boy Scout spirit

Um aðgerðir smáborgaralegu sósíalistanna þarf ekki að fjölyrða. Við látum nægja að birta tilvitnun í bandaríska auðvaldsfréttabalðið Newsweek frá 11.6.´73:

"Ganga 1800 Íslendinga fram hjá fundarstaðnum, sem mótmæltu öllu frá Watergate til kjarnorkutilrauna Frakka, líktist fremur skátagöngu (Boy Scout outing) en raunverulegum mótmælum" (bls. 13)

Við þetta þarf engu að bæta.



Bandaríski fáninn brennur á Miklatúni á meðan heimsvaldasinnarnir þinga. Þessi aðgerð er tákn fyrir stéttarhatur öreigastéttarinnar á heimsvaldastefnunni.



Á Íslandi hefur borgarastéttin ekki innlendan her, en viðbúnaðurinn við komu Nixons og Pompidou sýnir að valdatæki borgarastéttarinnar er víðtækara en virðist dags daglega. Þegar mikið liggur við eru fasistar kvaddir út til árása á öreigastéttina ef hún hreyfir sig til andmæla gegn kúguninni í auðvaldsþjóðfélaginu. Saga íslenzkrar stéttabaráttu er lifandi sönnun þessa.

Öll tiltæk lögregla ásamt meðlimum úr ýmsum björgunarsveitum (en þeir fá ríflega umbun verka sinna, hver sá sem klæddist hvítliðastakknum fékk 15.000,oo kr. fyrir dagana sem Nixon og Pompidou voru hér, eða rúmlega 1/2 mánaðarlaun verkafólks) var vopnuð til að berja á öllum þeim sem vildu sýna samstöðu, með öreigum og kúgaðri alþýðu alls heimsins í verki, en Nixon og Pompidou eru fulltrúar kúgunaraflanna.

Þegar KSML tilkynntu mótmælagöngu gegn komu heimsvaldasinnanna varð uppi fótur og fit hjá valdatæki borgrarstéttarinnar. Lögin, dómstólarnir, lögreglan og varalið var sett af stað til þess að koma í veg fyrir að mótmæli KSML færu fram samkvæmt áætlun samtakanna. Miðstjórn samtakanna var hótað handtöku og margra ára fangelsi (allt samkvæmt lögum), mótmælagöngu á vegum samtakanna var hótað linnulausri barsmíð og meira að segja lýsti Magnús Einarsson, varðstjóri, því yfir að félagar KSML yrðu skotnir og grafnir, enda væri það eina aðferðin sem dygði á svona lýð. Lögreglan var meira að segja svo forsjál að leigja hlöðu til þess að geyma kommúnistana í.

Til samanburðar við allan þennan viðbúnað getum við litið á aðgerðir lögreglunnar á Selfossi 1. maí s.l. Þar var lögreglan hvergi nálægt er fasistaskríll réðist á göngu KSML þar.

Niðurstöður þessa eru þær, eins og reynsla öreigastéttarinnar í gegnum söguna sannar, að valdatæki borgarastéttarinnar (sem er hluti af ríkisvaldi hennar) er ætlað það hlutverk að viðhalda alræði hennar, gegn verkalýðnum þegar hann hristir arðránshlekkina. GA. HH.

SÉRLEGUR SENDIBOÐI GUÐS



Einar "ríki" Sigurðsson

Arðræningi af guðs náð

Þjóðviljinn hefur að undanförnu rekið áróður "gegn afætulýðnum", sem þykist eiga togarana, en svo kallar blaðið þá borgara, sem fá lán "af almannafé" til að kaupa sér togara. Þjóðviljinn hefur reynt að telja verkalýðnum trú um að í raun og veru eigi hann (verkalýðurinn) togarana og þessir "athafnamenn" séu ekki raunverulegir eigendur.

Tilgangur Alþýðubandalagsins með þessu er að reyna að blekkja verkalýðinn á þann hátt, að hann álíti það skipta máli hverjir sitji í ráðherrastólunum, þ.e.a.s. að verkalýðnum beri að kjósa Alþýðubandalagsmenn í stólana, þar sem þeir séu svo skeleggir við að trufla braskarana við mokstur sinn af almannafé. Einnig er þetta liður í áróðri AB um að hér á Íslandi finnist ekki raunverulegt auðvald, heldur aðeins nokkrir kjötkatlamenn, sem þurfi að stugga frá.

Viðbrögð við kenningum AB hafa ekki verið mörg, en nýlega rákumst við á viðtal í sjómannablaðinu Víkingi, þar sem Einar "ríki" Sigurðsson var spurður, hvort hann hafi ekki átt miklar eignir í Vestmannaeyjum fyrir gosið.

Einar hefur greinilega skilið í þágu hverra kenningar Þjóðviljans eru og svaraði þannig:

" Á og á. Kommúnistar (hér á Einar við Alþýðubandalagið) segja, að enginn eigi neitt. Til dæmis segja þeir að ríkið eigi togarana, en ekki við útgerðarmennirnir. Við séum aðeins "skrifaðir fyrir þeim". Það er þannig hægt að líta á málin frá mörgum sjónarmiðum. Kannske á verkalýðurinn allt, kannske þjóðin öll, eða kannske er það guð almáttugur, og að við séum í raun og veru aðeins leiguliðar, eða varla það."

(Víkingur 3. tbl. ´73, bls. 74, okkar undirstr.)

Einar forðast, eins og AB, að minnast á kjarna málsins, sem er, að hann er eigandi að sínum framleiðslutækjum og að það er enginn annar en hann, sem hirðir gróðann, sem verkamenn "hans" skapa, er þeir vinna við þessi framleiðslutæki hans.

Þvert á móti lætur hann liggja að því, að guð almáttugur sé eigandi framleiðslutækjanna og að hann sé aðeins sendiboði guðs. Eða hver man ekki eftir þessum fleygu orðum Biflíunnar: "gjaldið guði það sem guðs er, og keisaranum það sem keisarans er."

EA.

FRAMHALD AF BLS. 3

KOMMÚNISTAOFSÓKNIR...

byltingarhreyfingarinnar í Svíþjóð.

En þetta fór öðruvísi en borgararnir höfðu reiknað með. Þrátt fyrir misþyrmingar á einstökum meðlimum byltingarhreyfingarinnar, þá urðu réttarhöldin, sem fylgdu í kjölfar þeirra, allsherjar fíaskó fyrir borgarastéttina en stór sigur og framgangur fyrir KFML(r). Fjöldahandtökur áttu sér stað, alls voru 19 meðlimir og stuðningsmenn handteknir fyrir að bera "falsvitni" gegn lögreglunni. Ein stúlkan, Margreth Erikson, hafði ákært lögregluna fyrir misþyrmingu gegn lygaákæru lögreglunnar, um að hún hefði "misþyrmt" lögregluþjóni. Allir, sem vitnuðu um, að hún hefði rétt fyrir sér, voru handteknir. Einn leiðandi meðlimur KFML(r), sem er læknir, var einnig handtekinn og gerð húsrannsókn heima hjá honum. Hann var handtekinn á þeirri forsendu að hafa skrifað út "falskt vottorð" um líkamsmeiðingar Margrethar, en í því tilgreindi hann, að áverkar á líkama Marghretar, sem vöruðu lengi eftir 14. maí, gætu verið eftir kylfuhögg.

Þrátt fyrir alls slags ljúgvittni, svikabrögð og yfirlýsingar, sem allar gengu út á að sýna fram á, að KFML(r) væri "samansafn hálfvita" varð að sleppa 17 handteknum eftir 14 daga fangelsun, vegna þess að ákærandinn gat ekki lagt fram nein sönnunargögn í ákærunni á hendur þeim.

Til þess að sleppa við sem mestan skandal, varð þó að dæma tvo seka. Var einn félaginn dæmdur fyrir að hafa "sparkað lögregluþjón beint í andlitið", þrátt fyrir að lögreglunni hafi ekki orðið sá stórfenglegi sannleikur ljós, fyrr en 6 mánuðum eftir að atburðurinn átti að hafa átt sér stað. Annar félagi var dæmdur fyrir "meinyrði", þegar hann gat sýnt fram á, að hinn félaginn hafði ekki einu sinni verið á þeim stað, sem lögreglan tilgreindi, að "sparkið" hefði farið fram.

Niðurstaðan af öllu saman varð sú, að í staðinn fyrir að útmála KFML(r) sem "hryðjuverkasamtök", þá styrktist byltingarhreyfingin og samþjappaðist í þessari eldraun gegn hinum framvaxandi fasisma í Svíþjóð.

Þessi stéttarlegu réttarhöld eru ekki einsdæmi. Áður hafa svipuð réttarhöld átt sér stað gegn sænskum kommúnistum. Það athyglisverða er, að Olaf Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, skar upp herör gegn byltingarhreyfingunni í ræðu, sem hann hélt áður í Gautaborg. Þar sagði hann "að nú yrði að fara að hreinsa til á vinstri kantinum" og gaf þannig merki um, að kommúnistaárásirnar gætu hafizt.

Fleiri réttarhöld hafa verið gegn byltingarhreyfingunni heldur en þessi og eru þau öll liður í að kerfisbundið kæfa framvöxt KFML(r) á vinnustöðunum og undirbúningur að banna samtökin með lögum. En pólitík KFML(r) er rétt og samtökunum vex margfalt afl við hverja tilraun borgaranna til að kæfa þau niður.

GS.

Reitur til áskriftarmerkingar.

LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

TIL LESENDA BLAÐSINS

Töluverð seinkun hefur orðið á útgáfu STÉTTABARÁTTUNNAR nú í sumar. Ritnefnd blaðsins vill hér með biðja alla lesendur velvirðingar á seinkuninni. Ástæðurnar fyrir seinkuninni eru að samtökunum hefur enn ekki tekist að skapa staðfastan grundvöll undir reglubundna útgáfu, auk þess var síðasta tölublað óvenjulega stórt eða 12 síður. Leiðin til þess að sósíalíski áróðurinn fái meiri þunga er ekki að stækka blaðið, heldur að skapa grundvöll fyrir reglubundna útgáfu. Og þrátt fyrir þessa seinkun núna er ekki ástæða til að ætla að ekki sé hægt að uppfylla markmiðið: Gerum Stéttabaráttuna að mánaðarblaði 1974.

Félagar í ritnefnd hafa farið víða í sumar, þeir hafa farið til Albaníu, Danmerkur og Svíþjóðar. Árangur þessara ferða mun koma í blaðinu smám saman í formi greina um baráttuna í hinum ýmsu löndum. Einnig höfum við tekið upp samband við marxískar - lenínískar hreyfingar og flokka víða og munu samskipti okkar við bræðrasamtök okkar erlendis gera okkur kleift að skýra mun betur og nánar frá stéttabaráttunni í öðrum löndum.

TAKIÐ ÞÁTT Í ÚTBREIÐSLU STÉTTABARÁTTUNNAR.

KSML vill skora á alla þá, sem styðja pólitík samtakanna, að færa út fræðikenningu marxismans - leninismans meðal verkalýðsins og auka þannig stéttvísi öreiganna, með því að taka að sér sölu og dreifingu á blaðinu og hvetja fólk til að gerast áskrifendur.

Gerist umboðsmenn Stéttabaráttunnar. Skrifið til KSML og fáið send nokkur eintök af blaðinu þegar það kemur út og seljið það á vinnustað.

STÉTTABARÁTTAN

Málgagn Kommúnistasamtakanna m-l, Pósthólf 1357, Reykjavík.

Venjuleg áskrift.......... 200 kr.
Stuðningsáskrift......... 300 kr.
Baráttuáskrift........... 500 kr.

LEIÐRÉTTINGAR

Í dálknum "HAFIÐ SAMBAND VIÐ KSML" á bls. 2 hafa slæðst inn villur.

Heimilisfang Jóhannesar Gunnarssonar er VALLHOLT 34 SELFOSSI.

Fulltrúi KSML á NESKAUPSTAÐ er: Una Elefsen Hlíðargötu 22

Lesið bæklinga KSML

Þegar hafa komið út 4 bæklingar á vegum KSML. Þeir eru:

REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI. (Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga 1929 um baráttuaðferðir í verkföllum.) Kr. 50.oo

UM VERKFÖLL. (eftir Lenín) (Greinargóð skilgreining á almennum atriðum um eðli og orsakir verkfalla) Fjölritaður Kr. 50.oo

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN. (eftir Stalín) (2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML) Kr. 100.oo

UM FLOKKIN (8. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) Kr. 100.oo

Næsti bæklingur KSML er: HEIMSVALDASTEFNAN OG KLOFNINGUR SÓSÍALISMANS. (eftir Lenín) Fjölritaður Kr. 50.oo

Hafið samband við KSML, Skólastræti 3b, eða skrifið KSML, pósthólf 1357, Rvk.

STÉTT GEGN STÉTT